

Skoðun 12

SÉRBLAÐ í Fréttablaðinu
Allt




## Langstærsta húsið á vellinum

*Nokkrar knáar stúlkur smíðuðu kofa sem gnæfði yfir alla hina á lóðinni við Háteigsskóla í sumar.*

allt 3




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

ÞRIÐJUDAGUR

13. júlí 2010 — 162. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




### Haffi kveður Valla

*Leiðir Haffa Haff og umboðsmannsins Valla Sport skilja.*

fólk 22

### Efnt til útgáfuhátíðar

*Fjallaþytur, úrval af ljóðum Hákonar Aðalsteinssonar, kemur út í dag.*

tímamót 14



### Undanúrslitin klár

*Fram, KR og Víkingur Ólafsvík tryggðu sér sæti í undanúrslitum VISA-bikarsins í gær.*

sport 17

### veðrið í dag




**SKIN OG SKÚRIR** Í dag verður víðast hæg norðaustlæg eða breytileg átt. Bjartviðri syðra en annars skýjað með köflum og hætt við stöku skúrum síðdegis. Hiti 10-18 stig, hlýjast SV-lands.

VEÐUR 4

# Skattur á mat verði hækkaður í 25,5%

**Skattur á mat ætti að hækka í 25,5 prósent samkvæmt skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hafa ætti flatan virðisaukaskatt. Viðskiptaráðherra segir enga ákvörðun hafa verið tekna. Árás á lífsgæðin, segir formaður Neytendasamtakanna.**

**EFNAHAGSMÁL** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggur til að virðisaukaskattur á matvæli verði hækkaður úr sjö prósentum í 25,5 prósent. Einnig er lagt til að aðrar vörur sem nú er lagður sjö prósenta virðisaukaskattur á verði hækkaður og neðra þrep virðisaukaskattsins þannig lagt niður. Þetta er meðal tillagna sjóðsins um það hvernig íslensk stjórnvöld geti aukið tekjur sínar.

Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra segir enga ákvörðun hafa verið tekna í ríkisstjórn um hvort farið verði að þessari tillögu sjóðsins. „Þetta eru bara þeirra tillögur og hugmyndir og ég vil svo sem ekkert segja til um hvort það sé líklegt eða ólíklegt að eitthvað þessu líkt verði gert," segir Gylfi. Hann vísaði að öðru leyti á Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra, en ekki náðist í hann.

„Ég er alfarið á móti þessu," segir Jóhannes Gunnarsson formaður Neytendasamtakanna. „Það er allt of mikil árás á lífskjörin, þau þola það ekki. Ég ætla rétt að vona að það verði ekki farið að þessum tillögum."

Íslensk stjórnvöld báðu sérfræðinga AGS um úttekt á skattkerfinu og tillögur um hvernig auka mætti tekjur ríkisins um eitt til tvö prósent af vergri landsframleiðslu á næstu árum. Sérfræðingarnir telja skattkerfið í grundvallaratriðum gott. Meðal annarra tillagna sem settar eru fram er að fjármagnstekjuskattur hækki í 20 prósent og skattþrepum í tekjuskattskerfinu verði fækkað í tvö. - þeb, bj / sjá síðu 4



**FRELSINU FEGIN** Freydís Vigfúsdóttir sleppir branduglu lausri eftir vikulanga aðhlynningu á Náttúrustofu Vesturlands. Freydís fann ugluna nær dauða en lífi eftir kríuárás við Rif fyrir viku. Vikuhvíld og tveimur hrossagaukum síðar fór uglan að hressast og var frelsinu fegin þegar hún flaug á braut. MYND/RÓBERT A. STEFÁNSSON

Jón Ásgeir þarf að byrja að greiða málskostnað slitastjórnar Glitnis í næstu viku:

# Málskostnaður slagar í virði allra eigna

**DÓMSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson þarf að greiða 28 milljónir af málskostnaði slitastjórnar Glitnis í London eigi síðar en föstudaginn 30. júlí. Samtals þarf hann að greiða minnst 140 milljónir í málskostnað fyrir að verjast kyrrsetningu eigna sinna í London og jafnvel allt upp í 180 milljónir.

Fari svo er málskostnaðurinn þegar orðinn 75 prósent af andvirði allra eigna Jóns Ásgeirs, sem nema 240 milljónum króna samkvæmt lista sem hann hefur lagt fram í London. Eignirnar eru hins vegar kyrrsettar og verða ekki nýttar til að greiða málskostnaðinn. Jafnframt er enn ótalinn kostnaður vegna málaferla í New York, sem að öllum líkindum verður mun hærri.

Páll Eiríksson í slitastjórn Glitnis segir að ekki verði fylgst með því hvernig Jón Ásgeir greiðir málskostnaðinn. „Það er bara hans að leysa úr því," segir hann.

Forstjóri verslunarkeðjunnar Iceland Foods staðfesti við Stöð 2 í gær að 38 milljarða innstæður sem Jón Ásgeir sýndi í tölvupósti til Lárusar Welding og Jóns Sigurðssonar skömmu fyrir hrun hefðu verið eign Iceland. - sh / sjá síðu 10

Mynd um för Thors Vilhjálms:

## Gekk um 800 kílómetra leið

**FÓLK Thor Vilhjálmsson skáld fór í pílagrímsgöngu árið 2005 til Santiago de Compostela á Spáni. Erlendur Sveinsson og tökulið hans fylgdu Thor um 800 kílómetra leið og verður kvikmynd um förina gefin út í fimm hlutum.**



THOR VILHJÁLMSSON

**Erlendur segir ferðina hafa verið mikla ævintýraför, enda leiðin gríðarlega löng og erfið. „Það var allur þremillinn sem kom upp á," segir hann. Myndin er á mörkum heimildarmyndar og leikinnar myndar. Hann bætir þó við að raunverulegar hættur hafi skapast og að Thor hafi til að mynda veikst í ferðinni.** - afb / sjá síðu 18

Afnæmismeðferð rannsökuð:

## Meðferð skilar góðum árangri

**HEILSA** Niðurstöður fyrstu rannsóknarinnar á árangri afnæmismeðferðar á Íslandi hafa nú verið birtar. Niðurstöðurnar sýna með óyggjandi hætti að afnæmismeðferð skilar miklum árangri. Afnæmismeðferð gengur út á að auka þol ofnæmissjúklinga gegn ofnæmisvaldinum.



BJÖRN RÚNAR LÚÐVÍKSSON

Rannsóknin náði yfir árin 1977 til 2006. Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir á ónæmisfræðideild, segir fáar rannsóknir státa af jafn löngu rannsóknartímabili.

Á bilinu 25 til 30 prósent Íslendinga þjáist af einhvers konar ofnæmi. - mmf / sjá síðu Allt









## SPURNING DAGSINS



*Svandís, ertu skúffuð yfir þessu Magma-máli?*

„Ekki ef Magma finnur sína réttu hillu.“

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur gagnrýnt mjög að kanadíska orkufyrirtækið Magma Energy skuli hafa fengið að fjárfesta á Íslandi í gegnum skúffufyrirtæki í Svíþjóð.

Fluttu óvenjulega sterkt kókaín til landsins frá Alicante í ferðatöskum:

# Þrennt í fangelsi fyrir kókaínsmygl

**DÓMSMÁL** Þrennt var í gær dæmt í samtals sjö ára fangelsi fyrir innflutning á tæpum 1,8 kílóum af óvenjulega sterku kókaíni til Íslands. Andri Þór Valgeirsson, 22 ára, hlaut þyngstan dóm, þrjú ár, og Reynir Magnús Jóelsson og Elsa Rún Erlendsdóttir, par á þrítugsaldri, hlutu tveggja ára fangelsi hvort.

Reynir og Elsa fóru til Alicante á Spáni að beiðni Andra, greiddu þar fyrir kókaínið og fluttu það til Íslands falið í þremur ferðatöskum. Þau voru handtekin í Leifsstöð.

Andri bar fyrir dómi að þrítugur Hafnfirðingur, Orri Freyr Gíslason, hefði fengið sig til verksins. Orri kom fyrir dóminn en vildi ekkert kannast við að hafa átt hlut að máli.

Orri sætir nú ákæru sem einn af höfuðpaurunum í keimlíku máli, þar sem 1,5 kíló af jafnsterku kókaíni voru flutt til Íslands frá Alicante í sams konar ferðatöskum og Reynir og Elsa voru handtekin með. Aðalmeðferð í því máli fer fram síðar í vikunni.

Kærasta Andra var jafnframt dæmd fyrir að hafa í fórum sínum nokkra tugi gramma af kannabisefnum þegar lögregla gerði húsleit á heimili þeirra. **- sh**



**KÓKAÍN** Fólkið greiddi á áttunda hundrað þúsund króna fyrir fíkniefnin á Spáni.

Þyrla Gæslunnar komin:

# TF-LIF hefur sig til flugs á ný

**ÖRYGGISMÁL** TF-LIF, þyrla Landhelgisgæslunnar, er kominn úr reglubundinni skoðun og er því kominn í fulla notkun á ný samkvæmt tilkynningu frá Landhelgisgæslunni.

Gæslan hefur nú tvær Super Puma þyrlur til umráða. Auk TF-LIF er TF-GNA til taks. Í tilkynningunni segir að útköll þyrluáhafna hafi verið 22 í júní. Alls hafi ellefu einstaklingar verið fluttir með þyrlum og fjórum sinnum flogið út fyrir 20 sjómílur. **- th**

Hægt að reikna út áhrif dóms:

# Lánareiknivél opin öllum

**EFNAHAGSMÁL Ráðgjafarfyrirtækið Sparnaður ehf. hefur opnað fyrir aðgengi að reiknivél á vefsíðu sinni sem gerir fólki kleift að reikna út áhrif nýlegs dóms Hæstaréttar á gengistryggð lán.**

**Hagsmunasamtök heimilanna óskuðu eftir því að reiknivélin yrði höfð opin öllum og var ákveðið að verða við því, að því er fram kemur í tilkynningu. Almenningur getur slegið inn upplýsingar um lán sín í reiknivélina og séð í kjölfarið útreikninga á greiðslubyrði og skuldastöðu miðað við óbreytta vexti, vexti Seðlabankans og fleira. Reiknivélina má finna á vefnum sparnadur.is.** **- bj**

Eignir lífeyrissjóða minnka:

# Styrking krónu rýrir eignir

**EFNAHAGSMÁL** Hrein eign íslensku lífeyrissjóðanna lækkaði um 21,8 milljarða króna í maí síðastliðnum og var 1.824 milljarðar í lok þess mánaðar. Þetta kemur fram í samantekt Seðlabankans.

Í Morgunkorni Íslandsbanka kemur fram að lækkunina megi að miklu leyti rekja til styrkingar krónunnar, sem nam um 3,5 prósentum í maí. Þá varð nokkur lækkun á erlendum hlutabréfamörkuðum í mánuðinum.

Þrátt fyrir þetta hafði hrein eign lífeyrissjóðanna hækkað um 158,4 milljarða króna frá lokum maí 2009 til loka maí 2010, samkvæmt morgunkorninu. **- bj**

## VESTFIRÐIR

### Haglél í Skötufirði

Þó nú sé mitt sumar gerði haglél í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi í gærdag. Bæjarins besta (bb.is) greinir frá því að í kjölfarið hafi orðið flughált á um 200 metra vegarkafla um tíma.

# Hrun í æðardúnssölu vegna kreppu í Japan

**Íslenskir æðardúnssalar safna nú sumir hverjir birgðum í stað þess að selja dún úr landi. Ástæðan er mikil verðlækkun sem formaður Æðarræktarfélags Íslands rekur til kreppu í Japan, helsta markaðnum, og undirboða sumra útflytjenda.**

**LANDBÚNAÐUR** Jónas Helgason, formaður Æðarræktarfélags Íslands, segir niðursveiflu á japönskum fjármálamarkaði valda því að eftirspurn eftir æðardúni héðan hefur fallið um helming. Sumir framleiðendur hérlendis sætti sig við mikla verðlækkun og nái að selja sínar afurðir.

„Við höfum á engan hátt notið neins af gengisbreytingunni sem hefur orðið vegna kreppunnar hér heima,“ segir Jónas Helgason, sem kveður eftirspurn eftir æðardúni hafa tekið að dala þegar fyrir hrunið sem varð hér á Íslandi. Í fyrra hafi aðeins verið selt um eitt og hálft tonn af æðardúni miðað við um þriggja tonna framleiðslu í góðu ári. Á meðan safnist upp birgðir.

Jónas játar því að meðal æðardúnsframleiðenda sé nokkur gremja í garð þeirra úr hópnum sem láti útflytjendur hafa dún til að selja ytra á mikið lægra verði en tíðkast hafi. Dæmi séu um að kílóið af dúni hafi verið selt á 40 til 45 þúsund krónur í fyrra. Fyrir hrunið hafi verðið verið allt að 115 þúsund krónur – það svarar til 115 milljóna króna fyrir hvert tonn. Verðfallið nú er þannig afar mikið í erlendum gjaldmiðlum.

„Það er staðreynd að hér eru aðilar sem nýttu sér það að lækka verðið í erlendri mynt til að geta frekar selt dúninn sem þeir voru með. En það hefur sýnt sig í gegnum tíðina að þó að verð lækki svona þá auka menn ekkert söluna,“ segir Jónas.

Á bilinu 260 til 270 félagar eru nú í Æðarræktarfélagi Íslands. Dúnn finnst að sögn Jónasar á um 400 jörðum. Mestur sé dúnninn á Vesturlandi, sérstaklega við Breiðafjörð. Margar niðursveiflur hafi riðið yfir markaðinn á liðnum áratugum.



**ÆÐARFUGL** Um þrjú tonn af æðardúni eru unnin hér á hverju ári. Verðið sem fæst á erlendum markaði getur sveiflast mikið, fyrst og fremst vegna aðstæðna í Japan þar sem helstu kaupendurna er að finna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> „Þessi kreppa fer að slaga upp í þá mestu sem ég man eftir.
>
> **JÓNAS HELGASON**
> FORMAÐUR ÆÐARRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

„Þessi kreppa fer að slaga upp í þá mestu sem ég man eftir. Síðast var svona djúp kreppa um og upp úr 1990,“ segir Jónas sem sér ekki leið fram hjá stöðunni. „Það er náttúrulega ekkert hægt að bregðast við þessu á meðan útflytjendur sem lækka verðið fá dún til sölu frá framleiðendum sem sætta sig við það. Þetta er frjáls markaður.“

Formaðurinn bendir þó á að öll él stytti upp um síðir. „Þessar kreppur sem hafa komið hafa alltaf jafnað sig á endanum. Það er bara spurningin hvenær það verður,“ segir Jónas Helgason.

**gar@frettabladid.is**

# Lést af slysförum í Norðfirði

**Konan sem lést þegar hún féll fyrir björg austan við Neskaupsstað á sunnudag hét Ástríður Tómasdóttir. Hún var tvítug, fædd 6. október 1989, og var til heimilis á Reynimel í Reykjavík.**

**Slysið varð í Urðum í Norðfirði. Stúlkan féll um 18 til 20 metra og var látin þegar að var komið.**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**VEIKUR** Fidel Castro hefur sjaldan sést opinberlega eftir að hann veiktist.

Fidel Castro í sviðsljósið:

# Kemur fram í sjónvarpsþætti

**KÚBA, AP Fidel Castro verður gestur í sjónvarpsþætti á Kúbu í dag, samkvæmt fréttablaði kommúnista þar í landi.**

**Castro hefur mjög sjaldan sést opinberlega eftir að hann veiktist alvarlega í júlí árið 2006, en veikindin urðu til þess að hann þurfti að eftirláta bróður sínum Raul leiðtogastól landsins.**

**Ekki hefur verið greint frá því hvort þátturinn verði í beinni útsendingu eða tekinn upp fyrir fram. Endurkoma hans í sviðsljósið kemur í kjölfar ákvörðun-ar um að leysa 52 pólitíska fanga úr haldi á næstu mánuðum. Búist er við að hann ræði málefni Miðausturlanda í þættinum í dag.** **- þeb**




Verið að færa nefndarlaun nær því sem er annars staðar, segir bæjarstjóri:

# Laun fyrir nefndarstörf hækkuð um 20 prósent hjá Vestmannaeyjabæ

**STJÓRNMÁL** Ný bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á fyrsta fundi sínum að hækka laun fyrir setu í nefndum og ráðum bæjarins um 20 prósent. Ályktun þess efnis var samþykkt með atkvæðum allra fjögurra fulltrúa Sjálfstæðisflokksins auk tveggja fulltrúa Vestmannaeyjalistans. Einn fulltrúi Vestmannaeyjalistans, Jórunn Einarsdóttir, sat hjá.

Ekki náðist í Jórunni í gærkvöldi en á vef Eyjafrétta er haft eftir henni að hún hafi ekki haft forsendur til að meta þetta á fundinum.

„Við erum að færa nefndarlaun í Vestmannaeyjum nær því sem er hjá öðrum sveitarfélögum. Ennþá vantar þó talsvert mikið upp á að við náum því að fara í sömu greiðslu og önnur sveitarfélög,“ segir Elliði Vignisson bæjarstjóri um málið.



**ELLIÐI VIGNISSON**

Spurður hvaða sveitarfélög hann miði við segir Elliði: „Það eru þessi samanburðarsveitarfélög sem eru lík okkur að stærð og gerð. Það var unnin úttekt á þessu á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og eftir að hafa farið yfir þær samanburðartölur þá var bara ekki lengur verjandi annað en að færa sig nær því sem er annars staðar.“

Elliði segir fjárhagsstöðu Vestmannaeyjabæjar góða. „Þessar aðgerðir sem önnur sveitarfélög standa í núna, með því að skera niður yfirvinnu og lækka laun æðstu embættismanna og pólitískra fulltrúa, áttu sér stað í Vestmannaeyjum 2004 og 2005 þegar við vorum illa sett. Það varð til þess að laun pólitískra fulltrúa voru orðin umtalsvert lægri hér en annars staðar,“ segir Elliði. **- mþl**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

# ÓMISSANDI FERÐAFÉLAGAR Í SUMAR!




Komdu við í næstu verslun Nova eða á nova.is og græjaðu þig upp fyrir ferðalagið.

**0 kr.** útborgun

**3G pungur**

**1.990 kr./mán. í 12 mán. og 5 GB netnotkun fylgir!**

Einnig er hægt að staðgreiða punginn: 6.990 kr. og velja áskrift eða frelsi.






**Nýtt hjá Nova**

**0 kr.** útborgun

**3G MiFi ferðabox**

**2.990 kr./mán. í 12 mán. og 5 GB netnotkun fylgir!**

Einnig er hægt að staðgreiða MiFi boxið: 19.990 kr. og velja áskrift eða frelsi.




MiFi er lítið box (þráðlaus 3G mini router) sem allt að 5 tæki/tölvur geta tengst samtímis. Kjörið í ferðalagið og sumarbústaðinn þar sem fleiri en einn geta verið á netinu á sama tíma!

WiFi nettenging fyrir t.d. fartölvur og iPod Touch. MiFi er á stærð við lítinn farsíma.

DAGUR & STEINI

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + greiðslugjald 250 kr./mán.
Einnig hægt að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort!

## GENGIÐ 12.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,95 | 125,55 |
| Sterlingspund | 187,53 | 188,45 |
| Evra | 157,07 | 157,95 |
| Dönsk króna | 21,066 | 21,19 |
| Norsk króna | 19,569 | 19,685 |
| Sænsk króna | 16,585 | 16,683 |
| Japanskt jen | 1,4096 | 1,4178 |
| SDR | 186,18 | 187,28 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,1328

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Pólski leikstjórinn Roman Polanski er frjáls ferða sinna:

# Sviss framselur ekki Polanski

**SVISS, AP** Leikstjórinn Roman Polanski er frjáls ferða sinna eftir að yfirvöld í Sviss höfnuðu beiðni um að framselja hann til Bandaríkjanna. Í Bandaríkjunum bíður hans dómur fyrir kynferðisbrot gegn þrettán ára stúlku árið 1977.

Polanski hefur verið í Sviss frá því að hann var handtekinn þar í lok september í fyrra. Hann kom til Sviss til þess að taka við verðlaunum fyrir lífsverk sitt á kvikmyndahátíð í Zurich.

Bandaríkjamenn hafa lýst yfir vonbrigðum með ákvörðun svissneskra yfirvalda, sem segja gögn ekki hafa verið fullnægjandi til að samþykkja framsal. Mögulegt sé að hann hafi þegar setið af sér dóminn, en það er byggt á vitnisburði sem ekki fékkst frá Bandaríkjamönnum. Þá var tekið tillit til þess að yfirvöld í Bandaríkjunum hafi aldrei fyrr óskað eftir framsali Polanskis frá Sviss þrátt fyrir að hann hafi oft áður heimsótt landið, og eigi hús þar. Þá var einnig tekið með í reikninginn að fórnarlamb hans hefur óskað eftir því að málið verði látið niður falla.

Polanski getur enn átt yfir höfði sér framsal til Bandaríkjanna ef hann ferðast til annarra landa.

- þeb



**POLANSKI** Leikstjórinn ætlaði að taka við verðlaunum í Zurich þegar hann var handtekinn af svissneskum yfirvöldum, sem hafa nú sleppt honum úr haldi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Námsmenn erlendis styrktir:

# Fá tæplega 300 þúsund hver

**MENNTAMÁL** Íslenskir námsmenn á Norðurlöndum hafa fengið 155 milljónir króna í styrki vegna bágrar fjárhagsstöðu Alls fengu 532 námsmenn að meðaltali rúmar 291 þúsund krónur hver.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda ákváðu í fyrra að styrkja íslenska námsmenn á hinum Norðurlöndunum, og veittu til þess yfir 100 milljónir. Í ár voru umsóknir um 43 prósentum fleiri, og hækkaði upphæðin eftir því. Tæplega 600 sóttu um og uppfylltu um 93 prósent skilyrði.

- bj

Tekur ekki undir með AGS:

# Ekki gott að hækka skatta

**EFNAHAGSMÁL Afar misráðið væri að hækka skatta til að auka tekjur ríkissjóðs, eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggur til, segir Pétur Blöndal, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í efnahags- og skattanefnd Alþingis.**



PÉTUR BLÖNDAL

**„Ég tel að lífskjaraskerðing íslensku þjóðarinnar sé þegar orðin of mikil,“ segir Pétur. Réttara væri að lækka skatta til að auka innlenda starfsemi, enda ekki hlaupið að því að fá lánsfé eða fjárfestingu frá útlöndum.**

**Pétur segir þó jákvætt í skýrslu AGS að sjóðurinn telji skattkerfið hér gott, skattstofnar séu almennir og breiðir og fáar undantekningar, sem sé arfleið Sjálfstæðisflokksins. Undantekningunum fari þó fjölgandi hjá sitjandi ríkisstjórn, sem sé áhyggjuefni.**

- bj

## BANDARÍKIN

### Reynt að loka borholunni

Verkfræðingum hefur orðið nokkuð ágengt við að loka borholunni í Mexíkó-flóa að sögn Bandaríska yfirvalda. Vonir stóðu til að hægt yrði að loka fyrir lekann síðdegis í gær að staðartíma.

## LEIÐRÉTTINGAR

Danski bærinn Køge er á Sjálandi en ekki Jótlandi eins og sagt var í blaðinu í gær.

Í Fréttablaðinu á laugardaginn kom fram að listahátíðin LungA væri haldin í tíunda skipti í ár. Það er rangt því hátíðin heldur upp á tíu ára afmæli sitt í ár, en er haldin í ellefta skipti.

# AGS vill snarhækka skatta

**Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setur fram ýmsar tillögur að breytingum á íslenska skattkerfinu í nýrri skýrslu. Forseti ASÍ segir almenning ekki þola frekari skattahækkanir. Misráðnar hugmyndir segir formaður SI.**

**EFNAHAGSMÁL** Vilji íslensk stjórnvöld auka tekjur sínar með aukinni skattlagningu ætti að leggja niður lægra þrep virðisaukaskattsins og fækka skattþrepunum í tekjuskattkerfinu í tvö, samkvæmt tillögum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Íslensk stjórnvöld báðu sérfræðinga sjóðsins um úttekt á íslenska skattakerfinu og tillögur um hvernig auka mætti tekjur ríkisins á næstu árum um eitt til tvö prósent af vergri landsframleiðslu. Verg landsframleiðsla á síðasta ári nam um 1.500 milljörðum króna. Miðað við það ætla stjórnvöld sér að auka skattekjur um 15 til 30 milljarða króna á næstu árum.

Í skýrslu AGS, sem gerð var opinber í gær, kemur fram að sérfræðingar sjóðsins telji íslenska skattkerfið í grundvallaratriðum gott. Í skýrslunni er farið yfir skattheimtu ríkisins, og settar fram tillögur vilji stjórnvöld auka skattekjur sínar.

Meðal þess sem þar er lagt til er að skattur á matvæli og fleira sem nú fellur í sjö prósenta skattflokkinn í virðisaukaskattkerfinu hækki í 25,5 prósent eins og aðrar vörur. Einnig er lagt til að fjármagnstekjuskattur hækki í 20 prósent og breytingar verði gerðar á tekjuskattskerfinu. Yfirlit yfir helstu tillögur AGS er í meðfylgjandi töflu.

Hugmyndir um frekari skattahækkanir mæta ekki mikilli ánægju hjá hagsmunaaðilum. „Ríkisstjórnin er búin að taka allar þær skattahækkanir sem þetta land getur þolað, og sumir myndu nú meina að það væri búið að ganga lengra en það. Ég trúi því alls ekki að menn séu með einhver áform um að auka skattaálögur á almenning,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

## Hugmyndir um viðamiklar breytingar á skattkerfinu

| | Núverandi skattkerfi | Tillaga AGS | Önnur tillaga AGS |
|---|---|---|---|
| Tekjuskattur einstaklinga | 37,22 prósenta skattur af tekjum að 200 þúsund krónum, 40,12 prósent af tekjum frá 200 þúsundum að 650 þúsundum, 46,12 prósent af tekjum yfir 650 þúsund krónum. | 37,2 prósenta skattur af tekjum að 375 þúsundum, 47,2 prósent af tekjum yfir 375 þúsundum. Eykur tekjur ríkisins um 0,25 prósent af vergri landsframleiðslu. | 37,2 prósenta skattur af tekjum að 250 þúsund krónum. 42,2 prósent af tekjum frá 250 þúsundum að 500 þúsundum. 47,2 prósent af tekjum yfir 500 þúsundum. Eykur tekjur ríkisins um 0,43 prósent af vergri landsframleiðslu. |
| Fjármagns-tekjuskattur | 18 prósenta skattur af fjármagnstekjum, frítekjumark vegna vaxtatekna er 100 þúsund krónur. | 20 prósenta skattur af fjármagnstekjum, frítekjumark vegna vaxtatekna er 100 þúsund krónur. Eykur tekjur ríkisins um 0,3 prósent af vergri landsframleiðslu. | |
| Virðisauka-skattur | 7 prósenta skattur á matvöru, heitt vatn, rafmagn, bækur, dagblöð, hljómplötur og fleira. 25,5 prósenta skattur á aðrar vörur. | 25,5 prósenta skattur af öllum vörum. Þriðjungi af tekjuauka ríkisins af niðurlagningu neðsta þrepsins varið til að bæta hag tekjulágra. Eykur tekjur ríkisins um 1,5 prósent af vergri landsframleiðslu. | 14 prósenta skattur á matvöru í matvörubúðum, 25,5 prósenta skattur á allar aðrar vörur og þjónustu. Eykur tekjur ríkisins um rétt rúmlega 1 prósent. |
| Tekjuskattur fyrirtækja | 18 prósenta skattur á tekjur fyrirtækja. | 20 prósenta skattur á tekjur fyrirtækja. Eykur tekjur ríkisins um 0,13 prósent af vergri landsframleiðslu. | |

### Aðrar tillögur AGS:

- Hækka vörugjöld á eldsneyti svo þau verði nær sköttum í Noregi, sem myndi auka tekjur ríkisins um 0,3 prósent af vergri landsframleiðslu.
- Auka eignaskatt, þar eru miklir tekjumöguleikar fyrir ríkið, og hægt að hækka skattana þegar tekjur fólks aukast og húsnæðismarkaðurinn tekur við sér.
- Gera vörugjöld á matvæli markvissari eða leggja þau af í áföngum.
- Leggja af stimpilgjöld þegar fjárhagsstaða ríkisins leyfir enda ekki um sanngjarna skattlagningu að ræða.
- Leggja af í áföngum vaxtabætur fyrir aðra en tekjulága sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð.

Hann segir að leggjast þurfi í útreikninga áður en afstaða sé tekin til tiltekinna tæknilegra breytinga á skattkerfinu. Eins og staðan sé núna sé augljóst að betra sé að reyna að stækka skattstofnana en að leggja á enn hærri skatta.

„Það er hættuleg stefna sem AGS er að marka með þessum tillögum,“ segir Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins. Hann segir tillögur um aukna skattlagningu misráðnar, þær muni draga hagkerfið niður og seinka því að ástandið hér á landi batni.

„Þegar skattlagningin er orðin svona mikil dregur hún ráðstöfunarfé frá fólki og fyrirtækjum, og það fé fer ekki í neyslu og fjárfestingar,“ segir Helgi. Þá sé hætta á að orku- og auðlindaskattar komi í veg fyrir erlenda fjárfestingu.

Starfshópur fjármálaráðherra vinnur nú að tillögum í skattamálum og er von á áfangaskýrslu hópsins síðar í vikunni.

Ekki náðist í Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra í gær, en hann mun vera í sumarleyfi.

brjann@frettabladid.is






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**VÍÐAST GÓÐVIÐRI**
Veðurspá næstu daga er aldeilis góð og lítur út fyrir góðviðri fram yfir helgi um nánast allt land. Búast má við heldur vaxandi NA-átt suðaustanlands á fimmtudag og örlítið stífari vindi á föstudag.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 32° |
| Berlín | 29° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 30° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 26° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 20° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 28° |
| Orlando | 36° |
| Ósló | 20° |
| París | 27° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 26° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

# Útsölur!



50%
afsláttur af öllum vörum
herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410




BOSS
HUGO BOSS
50%
afsláttur af öllum vörum
HUGO BOSS
HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242




60%
afsláttur af öllum vörum
B&S
KONUR
BOSS
HUGO BOSS
HUGO
HUGO BOSS
SAND
RALPH LAUREN
B&S | Kringlunni 553 4141




50%
afsláttur
af öllum vörum
TICKET TO HEAVEN
molo
bisgaard
hummel
POLO RALPH LAUREN
ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201

## KJÖRKASSINN



*Ferð þú akandi í vinnuna í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 68,9% |
| Nei | 30,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú ánægð/ur með að götum í miðbænum sé lokað fyrir bílaumferð?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Fyrrverandi borgarstjóri segir að ákvörðun um að styrkja lausafjárstöðu vegna OR hafi verið tekin í mars:

# Segir Dag gera lítið úr vinnu fyrri meirihluta

**ORKUVEITA** Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi segir að í desember á síðasta ári hafi þáverandi meirihluti í borgarstjórn ákveðið að láta vinna áhættumat vegna stöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Í mars hafi legið fyrir að borgin þyrfti að viðhalda 10 til 12 milljarða lausafjárstöðu vegna Orkuveitunnar.

Hanna Birna segir ósanngjarnt hjá Degi B. Eggertssyni, formanni borgarráðs, að tala nú um að borgin sé komin af afneitunarstigi í málum OR og sé nú fyrst að taka mál fyrirtækisins föstum tökum eins og fram kom í máli Dags í Fréttablaðinu á laugardag.

„Borgin hefur aldrei verið á neinu afneitunarstigi hvað þetta varðar. Með þessum ummælum gerir Dagur lítið úr þeirri miklu vinnu sem borgarfulltrúar allra flokka, stjórnendur og starfsmenn borgarinnar hafa lagt á sig til að standa vörð um fyrirtækið og hagsmuni þess. Sú vinna er ekki komin til vegna nýs meirihluta heldur hefur staðið yfir um langt skeið,“ segir Hanna Birna. Í tæp tvö ár hafi verið unnið að því að hagræða í rekstri OR til að bregðast við afleiðingum hrunsins.

Allir borgarfulltrúar hafi verið sammála um að fresta gjaldskrárhækkunum í tvö ár vegna efnahagsástandsins. Það þýði hins vegar ekki að gjaldskrár borgarinnar og fyrirtækja hennar verði frystar um aldur og ævi heldur það að borgarstjórn vilji standa með borgarbúum við þær erfiðu aðstæður sem ríkt hafa. - pg



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ORKUVEITAN** Hanna Birna segir að ákvörðun um að styrkja lausafjárstöðu borgarinnar vegna bakábyrgða á OR hafi verið tekin fyrir kosningar.

Orkuveita Reykjavíkur:

## Úttekt gerð á rekstrinum næsta mánuð

**ORKUVEITA Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkti í gær að gera úttekt á rekstri fyrirtækisins til þess að leita skýringa á krappri stöðu þess.**

**Þar verði dregnar saman skuldbindingar fyrirtækisins, fjárfestingar síðustu ára og afrakstur þeirra. Einnig kalli stjórnin eftir tímasettri áætlun um aðhaldsaðgerðir, frestun fjárfestinga og annað sem getur dregið úr þörf fyrir hækkun gjaldskrár.**

**Niðurstaða úttektarinnar á að liggja fyrir í næsta mánuði og verður hún þá borin undir rýnihóp sem skipaður verður fulltrúum eigenda fyrirtækisins.** - pg

Garðabær fellst á viðræður:

## Nefnd um sameiningu skipuð

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæjarstjórn Garðabæjar hefur ákveðið að hefja formlegar viðræður um mögulega sameiningu Garðabæjar og Álftaness. Þetta var samþykkt á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag.

Þrír fulltrúar voru skipaðir í samstarfsnefnd: Erling Ásgeirsson, Stefán Snær Konráðsson og María Grétarsdóttir. Nefndin kannar mögulega sameiningu í samráði við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Leggi nefndin til atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaganna ber sveitarstjórn að efna til atkvæðagreiðslu meðal íbúanna.

Að sögn Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra í Garðabæ, liggur ekki ljóst fyrir hvenær nefndin lýkur störfum. - bs

# Yfir 2.500 manns verið án atvinnu í eitt ár eða lengur

**Atvinnuleysi er svipað í ár og í fyrra. Rúmlega 2.500 hafa verið atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu í tólf mánuði eða lengur. Áætluð upphæð atvinnuleysisbóta fyrir 2010 er um 25 milljarðar króna.**

**ATVINNA** Atvinnuleysi mælist svipað á landinu nú og á sama tíma í fyrra. Hlutfallið hefur minnkað yfir sumarmánuðina, úr 9 prósentum í apríl síðastliðnum og niður í um 7,7 prósent í júní.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að um árstíðarbundinn mun sé að ræða, en vonast til þess að atvinnuleysi muni ekki mælast meira en 8,5 prósent á árinu 2010.

„Það er að mælast minna atvinnuleysi en spár sögðu til um,“ segir Gissur. „Þó má búast við því að það verði jafn mikið eða meira en í fyrra, þar sem það mældist 8 prósent yfir allt árið 2009.“

80 prósent þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá hjá Vinnumálastofnun eru annaðhvort ófaglærðir eða með stúdentspróf. Einungis 10 til 12 prósent eru háskólagengin og segir Gissur hlutfall ómenntaðra hækka eftir því sem aldurinn er lægri, en um 70 prósent ungs fólks á skrá eru einungis með grunnskólapróf. Um 2.500 manns á höfuðborgarsvæðinu hafa verið atvinnulausir í ár eða lengur og var heildarupphæð útborgaðra atvinnuleysisbóta fyrir árið 2009 25,3 milljarðar króna, en til samanburðar voru það 3 milljarðar árið 2007.

Kristín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri ráðningarstofunnar Hagvangs, segir þó nokkuð vera um að fólk á atvinnuleysisskrá leiði hjá sér atvinnutilboð.

„Það er algengara að eldra fólk taki því sem býðst og setji ekki fyrir sig laun eða vinnutíma,“ segir Kristín. „Það er eitthvað um að yngra fólk neiti störfum og okkur finnst sérstakt hvað það er hægt lengi, eins og ástandið er.“

Kristín tekur fram að verið sé að bjóða fólki störf sem það langi ekki til að þiggja og sé þar af leiðandi lengur á atvinnuleysisskrá.

Gissur Pétursson segir aftur á móti að ekki sé mikið um að fólk sleppi vinnutilboðum og kerfið bjóði einfaldlega ekki upp á það.

„Þú hefur möguleika á neitun fyrstu fjórar vikurnar,“ segir hann. „Auðvitað viljum við ekki pína fólk til neins – en það á enginn að komast upp með að vera á atvinnuleysisbótum að óþörfu.“

sunna@frettabladid.is



**ATVINNULEYSI** Mælist svipað á landinu í ár og í fyrra, eða rúm 8 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Brottflutningar

Gissur og Kristín eru sammála um að brottflutningar atvinnulausra Íslendinga séu áhyggjuefni.

„Um tvö til þrjú þúsund manns eru að flytja eða hafa flutt til Noregs í atvinnuleit,“ segir Gissur. „Það er mikið af öflugu fólki sem við erum að missa af landi brott.“

Kristín tekur í sama streng og segir stjórnvöld verða að taka á málunum.

„Það er margt ungt, vel menntað fólk sem vill fara út til að fá vinnu,“ segir hún. „Þegar hjólin fara að snúast aftur í atvinnulífinu hér á landi verður erfiðara að fá það fólk aftur ef við missum allt þetta góða fólk frá okkur. Stjórnvöld verða að skilja það og skoða málin til lengri tíma.“

**Brottfluttir Íslendingar:**

| | |
|---|---|
| 2007: | 3.395 |
| 2008: | 3.294 |
| 2009: | 4.851 |

**Aðfluttir Íslendingar:**

| | |
|---|---|
| 2007: | 12.546 |
| 2008: | 10.288 |
| 2009: | 5.777 |

### Atvinnuleysi

**í júní milli ára**

| | |
|---|---|
| 2007 | 1,0% |
| 2008 | 1,1% |
| 2009 | 8,1% |
| 2010 | Um 8% |

### Bætur milli ára

| | |
|---|---|
| 2007 | 3 milljarðar |
| 2008 | 4,7 milljarðar |
| 2009 | 25,3 milljarðar |
| 2010 | Líklega svipað og 2009 |


# Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*




10,3%

ÁRLEG MEÐALÁVÖXTUN*

100% RÍKISTRYGGING

*Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is*

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

*Árleg meðalávöxtun frá 15.01.2001 til 31.05.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

Veljum íslenskt
– okkar hagur!
Samtök iðnaðarins - www.si.is

# kjörvari

# 80% málarameistara* velja Kjörvara, viðarvörn fyrir íslenskar aðstæður

**Notaðu sumarið til að búa í haginn fyrir veturinn.**

ÍSLENSKA SIA.IS MAL 50048 07/10

80%







**Málning - fyrir íslenskar aðstæður**
Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss.
Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem
er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

*Hlutfall málarameistara sem eru í viðskiptum við Málningu hf.

málning
- það segir sig sjálft -

**Útsölustaðir Málningar:** BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptún • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi
Snæþvottur Grundarfirði • Virkið Hellissandi • Núpur byggingavöruverslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri
Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík.

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hversu mörg kíló af amfetamíni er talið að íslenskir fíklar noti árlega?
2. Hvaða ár voru fjöldamorðin í Srebenica í Bosníu framin?
3. Hversu marga Íslandsmeistaratitla vann ÍR á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum í ár?

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 22

Svæðisstjóri Orkubús Vestfjarða vill hætta að leyfa netaveiði við Hólmavík:

# Segir göngulax enda í silunganetum

**SVEITARSTJÓRNIR** Þorsteinn Sigfússon, svæðisstjóri Orkubús Vestfjarða á Hólmavík, hefur óskað eftir því að sveitarstjórn Strandabyggðar hætti að gefa út leyfi fyrir lagningu silunganeta úti fyrir þorpinu.

Þorsteinn segir að áratuga löng hefð sé fyrir því að hver sem er geti fengið leyfi til að leggja silunganet í landi sveitarfélagsins úti fyrir Hólmavík. Þetta hafi margir nýtt sér. Þorsteinn, sem annast sölu veiðileyfa í Víðidalsá, skammt sunnan við Hólmavík, segir vandamálið hins vegar það að lax úr nærliggjandi ám í Steingrímsfirði rati iðulega í silunganetin, sérstaklega fyrstu laxagöngur sumarsins.

„Þetta er meira og minna lax sem menn hafa verið að fá í þessi net. Á sama tíma er sveitarfélagið sjálft ásamt Orkubúinu að selja veiðileyfi í Víðidalsá. Eftir því sem minna af laxi nær að ganga í ána því minni arð fá þessir aðilar af veiðinni,“ segir Þorsteinn og undirstrikar að sveitarfélagið veiti leyfi til netalagna endurgjaldslaust.

Lagður er fjöldi neta í landi annarra landeigenda í Steingrímsfirði. Þorsteinn segir að þótt það hafi ekki úrslitaáhrif að hætt verði að leggja net fyrir landi Strandabyggðar sé mikilvægt að sveitarfélagið sýni gott fordæmi. - gar



**HÓLMAVÍK** Í fyrra veiddust 208 laxar í Víðidalsá. Skammt undan eru netalagnir silungsveiðimanna. MYND/JÓN JÓNSSON

Grunnskólar á Austurlandi:

# Fá stofur undir berum himni

**SKÓLAMÁL** Útiskólastofur hafa verið útbúnar við Egilsstaðaskóla og Grunnskólann á Reyðarfirði.

Framtakið var styrkt af Samfélagssjóði Alcoa og er hluti af sjálfboðaliðaverkefnum starfsmanna Fjarðaáls. Stofurnar eru hannaðar sem opið svæði með skjólvegg, borðum og eldstæði og standa við leikvellina. Ásta Ásgeirsdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Reyðarfirði, er ánægð með útistofurnar og segir markmiðið vera að nýta umhverfið meira í kennslu og gera námið um leið fjölbættara. - sv

Kosið á ný á Reykhólum:

# Kærandi hyggst greiða atkvæði

**SVEITARSTJÓRNIR Kosningar til sveitarstjórnar verða í Reykhólahreppi laugardaginn 24. júlí.**

**Hafsteinn Guðmundsson, íbúi í Flatey, kærði framkvæmd kosningarinnar sem fram fór 29. maí. Kæran var tekin til greina þar sem kjörstjórn hafði láðst að setja fram nægar upplýsingar fyrir íbúa Skáleyja og Flateyjar í undanfara kosninganna. Hafsteinn segir allar upplýsingar liggja fyrir að þessu sinni.**

**„Sjö manns sem voru hér í Flatey misstu af kosningunum. Við vissum raunar ekki hvort það yrði kosið eða ekki því það gat hafa komið fram einn listi og þá væri ekki kosið,“ segir Hafsteinn sem býst við að þurfa að fara á Reykhóla til að kjósa. Allir kjörgengir íbúar séu í kjöri.** - gar

**ÞINGVELLIR**

### Salerni á Valhallarreit

Þingvallanefnd hefur ákveðið að leigja salerni til að setja upp á lóðinni þar sem Hótel Valhöll stóð áður. Þetta var samþykkt gegn atkvæði Valgerðar Bjarnadóttur úr Samfylkingunni.

**BLÖNDUÓS**

### Málóður sundlaugarvörður

Nýja sundlaugin á Blönduósi hefur vakið mikla lukku. Leiðarhöfundur fréttablaðsins Feykis segir einu gagnrýnina á starfsemina vera þá að aðfinnslur sundlaugarvarðar við laugargestina séu „full tíðar“.

**FJALLABYGGÐ**

### Nýr bæjarstjóri

Sigurður Valur Ásbjarnarson hóf störf sem nýr bæjarstjóri Fjallabyggðar fyrir skömmu. Hann tekur við af Þóri Kristni Þórissyni. Sigurður Valur var áður bæjarstjóri í Sandgerði.

# Kaup Magma hugsanlega kærð til ESA

**Iðnaðarráðherra segir engan efnislegan ágreining vera um málið innan ríkisstjórnar. Vill sjá til þess að samið verði um forkaupsrétt ríkisins á hlutnum.**

**STJÓRNMÁL** Iðnaðarnefnd Alþingis fundaði í gær, að beiðni Margrétar Tryggvadóttur þingmanns Hreyfingarinnar, um mál Magma Energy. Eftir fundinn sagðist Margrét ætla að skoða hvort tilefni sé til að kæra ákvörðun nefndar um erlenda fjárfestinga til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Nefnd um erlenda fjárfestingu hefur tvisvar fjallað um kaupin. Í bæði skiptin klofnaði hún en meirihluti taldi kaupin lögmæt.

„Þetta var mjög góður og gagnlegur fundur. Við fengum þarna tvo ráðherra, nefnd um erlenda fjárfestingu og fulltrúa frá Magma til að ræða við,“ sagði Margrét og bætti við: „Það sem að stendur upp úr er að íslensk stjórnvöld virðast vera föst í þessum 2007 hugsunarhætti um að það sé æðislega sniðugt að reyna einhvern veginn að komast alltaf framhjá lögum.“

Margrét segir meirihluta nefndar um erlenda fjárfestingu hafa skort kjark til að meta kaupin ólögmæt þar sem ekkert sambærilegt mál hafi farið fyrir dóm á EES svæðinu. Hún segir öll lögskýringargögn benda til þess að úrskurða eigi lögin ólögleg eins og minnihluti nefndarinnar hafi bent á.

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra, sagðist ekki hafa sérstaka skoðun á því hvort einhver myndi kæra ákvörðun nefndarinnar til ESA en nefndin starfar undir efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Hún kvaðst þó ekki rengja niðurstöðu meirihluta nefndarinnar sem hefði fengið álit frá fjórum sérfræðingum.

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að tilefni væri til inngripa af hálfu ríkisvaldsins. Aðspurð hvort henni þyki það koma til greina svaraði Katrín að sér hefði fundist það þegar fjármálaráðherra skoðaði málið síðasta vetur. Hins vegar hefði ekki fundist flötur á því á þeim tíma og enginn hafi bent á það hvernig hægt væri að grípa inn í málin nú.

„Þau tæki og tól sem ég hef í höndunum eru þau að reyna að ganga til samninga við þessa aðila um forkaupsrétt ríkisins á hlutnum þannig að þegar fimm árar hjá ríkinu getum við keypt hann vilji þeir selja hann. Það tryggir líka að það verði ekki braskað með hlutinn,“ sagði Katrín og bætti því við að Ross Beaty, forstjóri Magma, hafi tekið vel í hugmyndir ráðherra um forkaupsrétt ríkisins þegar málið hafi verið rætt í vor.

Katrín segir engan efnislegan ágreining um málið innan ríkisstjórnarinnar og sagði ríkisstjórnarflokkana vera sammála um það að þeir ætluðu ekki að selja orkufyrirtæki eins og sum sveitarfélög hafa gert.

magnusl@frettabladid.is



**BLÁA LÓNIÐ VIÐ SVARTSENGI** Katrín Júlíusdóttir segist vilja sjá til þess að samningur HS Orku og Reykjanesbæjar um nýtingarrétt á orkuauðlindum í eigu bæjarins til 65 ára verði styttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**



**MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR**

Ókeypis matur fyrir bágstadda í Stýrimannaskólanum í júlímánuði:

# Félag atvinnurekenda býður mat

**SAMFÉLAGSMÁL** Félag atvinnurekenda stendur fyrir samhjálparátakinu Samverjanum út júlímánuð vegna sumarfría hjálparstofnana. Verður boðið upp á fríar heitar máltíðir í mötuneyti Stýrimannaskólans við Háteigsveg milli klukkan 11.30 og 14.00 alla virka daga í júlí.

„Þetta er hugmynd sem kom upp á fundi hjá Félagi atvinnurekenda á föstudaginn var og hefur orðið að veruleika á einni helgi.“ segir Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir, verkefnastjóri Samherjans. „Það skiptir miklu máli að það sé samhjálp fyrir þá sem þurfa á að halda.“

Aðstandendur Samverjans eru Reykjavíkurprófastsdæmi eystra og vestra, Leikmannaráð Þjóðkirkjunnar, Landssamtök eldri borgara, Félag atvinnurekenda og menningarmálaráðuneytið. Mikill fjöldi matvælafyrirtækja veitir hráefni til máltíðanna og klúbbur matreiðslumeistara gefur vinnu sína við matargerð.

„Þetta eiga eftir að verða dýrindis máltíðir,“ segir Ragnheiður. „Þetta mun verða syrpa af skemmtilegum samkomum og því fleiri sem munu koma að verkefninu, þeim mun betra verður það í framkvæmd. Þegar svona hlutir heppnast vel þiggjum við alla hjálp sem hægt er að fá.“ - sv



**STÝRIMANNASKÓLINN** Boðið verður upp á heitan mat alla virka daga frá klukkan 11.30 til 14.







# Meistararnir okkar vilja Pedigree

Við höfum áratuga reynslu af ræktun og þjálfun hunda. Við höfum prófað ýmsa valkosti í fóðrun og niðurstaða okkar er einfaldlega sú að Pedigree sé besti kosturinn. Við treystum Pedigree fyrir hundunum okkar.

Björn Ólafsson – BIPDT*, hundaræktandi
Lára Björk Birgisdóttir – búfræðingur og hundaræktandi

*British Institute of Dog Trainers

## **Junior** growth & protection 2-12 mánaða

vitamin E




Litli hvolpurinn þinn vex mjög hratt. Þess vegna hefur hann þörf fyrir fóður með sérstökum næringarefnum sem gefa honum orku og góða undirstöðu.

**Pedigree:**

- **eflir náttúrulegar varnir**
- **styrkir liði og vöðva**
- **styrkir tennur og tannhold**
- **gefur feldi hundsins aukinn glans**

**Þróað af dýralæknum** **Engin tilbúin bragðefni** **Enginn viðbættur sykur**

PIPAR\TBWA • SÍA • 101803



**SKREYTT Í TILEFNI HJÓLREIÐAKEPPNI** Hjólreiðakeppnin Tour de France er í fullum gangi. Þessi maður veifaði fólki á jörðu niðri á meðan hann sat á risavöxnu reiðhjóli í Frakklandi á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Icelandair Hotels og Reitir fasteignafélag endurnýja leigusamninga:

# Hótel Loftleiðir tekið í gegn á næsta ári

**VIÐSKIPTI** Icelandair Hotels og Reitir fasteignafélag skrifuðu í gær undir endurnýjun á leigusamningi milli félaganna til ársins 2025. Samningurinn nær til Hótels Loftleiða og Hilton Reykjavík Nordica-hótelsins en Icelandair Hotels leigja húsin af Reitum.

Samningarnir fela einnig í sér að ráðist verður í miklar endurbætur á húsnæði Hótels Loftleiða. Framkvæmdir munu hefjast upp úr áramótum og þeim lýkur næsta sumar en undirbúningur er þegar hafinn. Kostnaður við framkvæmdirnar er áætlaður hátt í 1 milljarður króna og munu þær koma til með að skapa 80 ársverk, að því er segir í fréttatilkynningu frá fyrirtækjunum.

„Loftleiðir eru vinsæll valkostur ferðamanna í Reykjavík, og er nýting hótelsins umfram meðalnýtingu hótela á höfuðborgarsvæðinu," segir Magnea Þórey Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandair Hotels. „Samhliða endurbótum á húsnæði bætum við enn frekar þjónustu og afþreyingu í boði innandyra."

Reitir fasteignafélag bar áður nafnið Landic Properties. - mþl



**HÓTEL LOFTLEIÐIR** Framkvæmdir við endurbætur á Hótel Loftleiðum munu hefjast um næstu áramót og er stefnt að því að ljúka þeim næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Málskostnaður Jóns Ásgeirs þegar nærri heildareignum

**Málskostnaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í London er orðinn 140 milljónir og gæti hækkað í 180. Það eru 75 prósent af uppgefnum heildareignum hans. Þá er enn ótalinn kostnaður við málaferli í New York.**

**DÓMSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson gæti þurft að greiða alls um 180 milljónir íslenskra króna fyrir það eitt að verjast kyrrsetningu eigna sinna í London. Það eru 75 prósent af uppgefnum heildareignum hans, sem hann má þó ekki hreyfa við.

Dómari í London hafnaði á föstudag kröfu Jóns Ásgeirs um að alheimskyrrsetningu á eignum hans yrði aflétt. Þegar dómarinn kvað upp úrskurð sinn tilkynnti hann jafnframt að Jón Ásgeir skyldi bera eigin 600 þúsund punda málskostnað, ríflega 110 milljónir króna, sem og málskostnað slitastjórnar Glitnis. Málskostnaður slitastjórnarinnar nam 350 þúsund pundum og var Jóni Ásgeiri gert að greiða 150 þúsund pund af því, ríflega 28 milljónir, eigi síðar en 30. júlí. Dómarinn á svo eftir að taka afstöðu til þess hvort 200 þúsund punda eftirstöðvarnar falla einnig á Jón Ásgeir.

Samkvæmt eignalistanum sem Jón Ásgeir skilaði inn til dómsins í London eru allar eignir hans virði tæplega 240 milljóna íslenskra króna, og þar af eru innstæður á bankareikningum einungis um átta og hálf milljón. Þar að auki hafa eignirnar verið frystar þannig að hann má ekki hreyfa við þeim, ekki heldur til að greiða málskostnaðinn.

Málaferli eru einnig hafin í New York vegna stefnu slitastjórnarinnar á hendur sjömenningunum sem sakaðir eru um að hafa tæmt bankann innan frá. Ekki liggur fyrir yfirlit yfir málskostnað þar en að sögn Páls Eiríkssonar, sem situr í slitastjórninni, má gera ráð fyrir að hann verði töluvert hærri en sá í London þegar yfir lýkur, að því gefnu að Jón Ásgeir og meðstefndu grípi til ýtrustu varna.

Páll segir slitastjórnina ekki hafa nein tæki eða úrræði til að kanna hvernig Jón Ásgeir muni standa skil á málskostnaðinum. „Það er bara hans að leysa úr því," segir Páll."

Sem áður hafa slitastjórn og dómarinn breski efasemdir um að eignalistinn sem Jón Ásgeir skilaði sé fullnægjandi. Ef sannanir fást fyrir því að sá grunur sé á rökum reistur á Jón Ásgeir yfir höfði sér allt að þriggja ára fangelsi fyrir að ljúga til um eigur sínar. Slitastjórnin hefur unnið hörðum höndum að því upp á síðkastið að reyna að þefa uppi meinta falda sjóði. Slitastjórnin stendur nú í deilu við Jón Ásgeir og konu hans í Bandaríkjunum um aðgang að gögnum frá hússtjórn glæsihýsis þar sem þau eiga íbúðir og Royal Bank of Canada sem slitastjórnin telur að gæti hugsanlega varpað ljósi á flókna fjármagnsflutninga.

stigur@frettabladid.is



**DÝR MÁLAREKSTUR** Jón Ásgeir þarf að greiða minnst 140 milljónir í málskostnað vegna deilunnar um kyrrsetninguna í London, þar af 28 milljónir fyrir lok næstu viku. Ekki liggur fyrir hvernig hann á að standa straum af málstkostnaðinum þegar eignir hans eru frystar. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

## Eyddi að meðaltali sextíu milljónum á mánuði í átta ár

Jón Ásgeir Jóhannesson eyddi að meðaltali 50 til 66 milljónum íslenskra króna í hverjum mánuði á árunum 2001 til 2008, samkvæmt gögnum sem hann lagði fyrir dómstólinn í London fyrir helgi. Dómarinn sagði þetta vekja fleiri spurningar en svör, enda væri sérkennilegt að svo mikil eyðsla hefði ekki skapað meiri eignir en svo að Jón Ásgeir ætti einungis tæpar 240 milljónir eftir í dag.

Fyrir dómi var einnig upplýst að árstekjur Jóns Ásgeirs næmu 132 milljónum króna, eða um 11 milljónum á mánuði. Ekki fékkst gefið upp hvaðan þær tekjur væru, en þó kom fram að Jón Ásgeir þiggur 757 þúsund krónur í hverjum mánuði frá 365 miðlum, sem meðal annars gefa út Fréttablaðið, fyrir ráðgjafarstörf. Fyrirtækið er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, eiginkonu Jóns Ásgeirs.

## Iceland Foods átti milljarðana 38

Malcolm Walker, forstjóri bresku verslunarkeðjunnar Iceland Foods, staðfesti við Stöð 2 í gær að fyrirtækið hefði átt innstæðurnar sem Jón Ásgeir sendi upplýsingar um til Lárusar Welding og Jóns Sigurðssonar einni viku fyrir bankahrun.

Í tölvupósti Jóns Ásgeirs til Lárusar og Jóns mátti finna setninguna „FOR YOUR EYES ONLY" og mynd af nokkrum bankareikningum sem samtals höfðu að geyma um 202 milljónir sterlingspunda, sem jafngilti um 38 milljörðum króna. Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, gerði því skóna í eiðsvarinni yfirlýsingu sinni fyrir dómstólnum í London að peningarnir hefðu verið í eigu Jóns Ásgeirs eða einhverra sem tengjast honum.

Iceland

## Á bíla, hús og verðlaus hlutabréf

Jón Ásgeir hefur skilað inn til breskra dómstóla lista yfir eigur sínar, sem hann fullyrðir að sé tæmandi. Um það hefur slitastjórn Glitnis efasemdir, líkt og dómarinn í málinu. Á listanum eru eignir að andvirði 240 milljóna íslenskra króna í Bretlandi og á Íslandi.

**Eignir á Íslandi:**

Fasteignir:
- Laufásvegur 69 – 113,5 milljónir
- (Hverfisgata 10 – 591 milljón)
- Jörð í Skagafirði – 13,8 milljónir
- Eign við Vatnsstíg – 34,4 milljónir
- Mjóanes, Þingvöllum – 7,5 milljónir
- Skíðaskáli kenndur við Langjökul – 2 milljónir

Athygli vekur að á listanum er Hverfisgata 10, sem hýsir 101 Hótel, og er virði eignarinnar mun meira en þær 240 milljónir sem Jón Ásgeir segist eiga. Ástæðan er sú að þótt eignin sé á listanum segir Jón Ásgeir húsið í eigu Ingibjargar, konu sinnar, og því sé ekki að telja það til eigna hans. Fulltrúar slitastjórnar Glitnis segjast ekki geta gert frekari grein fyrir síðasttöldu eigninni, skála sem í enskum málsskjölum er kallaður „Langjokull Chalet".

Bílar:
- Range Rover 1 – 3,7 milljónir
- Range Rover 2 – 3,7 milljónir
- Bentley – 13,2 milljónir

Bankainnstæður:
- Hjá Glitni – 2,2 milljónir
- Hjá Byr – 500 þúsund
- Hjá Arion – 100 þúsund

Hlutabréf:
- Þú Blásól – 0 krónur
- Gaumur – 0 krónur
- 101 Chalet – 0 krónur

**Breskar eignir:**

Bílar:
- Range Rover – 2,8 milljónir króna
- Rolls Royce Phantom – 17 milljónir
- Aston Martin – 7,5 milljónir

Jón Ásgeir tekur fram að Rolls Royce-bifreiðin sé skráð á hann þótt í raun hafi hann verið afmælisgjöf til eiginkonunnar, og að Aston Martin-bifreiðin sé í söluferli.

Hlutabréf:
- JMS Partners – 6 milljónir

Verðmætið er miðað við tilboð sem hinir hluthafarnir, Gunnar Sigurðsson og Don McCarthy, hafa lagt fram í bréfin.

Bankainnstæður:
- Coutt's – 5,8 milljónir
- Coutt's – 13.400 krónur





**BLÖNDUÓS** Ekki rétt að Ljón norðursins uppfylli ekki skilyrði segir rekstraraðilinn.

Yfirlýsing veitingamanns:

# Ljón norðursins sagt opið áfram

**VEITINGAREKSTUR** Jónas Skaftason, sem rekur veitingastaðinn Ljón norðursins á Blönduósi, segir ekkert hæft í því að loka eigi staðnum vegna misbrests á því að hann uppfylli ýmis skilyrði eins og fram hafi komið á fundi skipulagsnefndar í lok maí.

Þá sagðist nefndin ekki sjá sér fært að samþykkja leyfið þar sem teikningar væru ekki í samræmi við byggingareglugerð, sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi væri ekki til staðar og neyðarlýsing ekki í samræmi við byggingareglugerð. Jón segir þetta rangt. „Því getur undirritaður glatt suma og svekkt aðra að Ljóni norðursins verður ekki lokað á þessum forsendum," segir í yfirlýsingu Jónasar sem birt var í Húnahorninu. - gar



**EGILSSTAÐIR** Gera á breytingar í stjórnsýslunni á Fljótsdalshéraði.

Eftirmálar kosningabaráttu:

# Stjórnendur á Héraði hætta

**SVEITARSTJÓRNIR** **Bæjarfulltrúar L-lista og D-lista í Fljótsdalshéraði segja að rekja megi uppsagnir þriggja stjórnenda hjá bæjarfélaginu til ummæla fulltrúa B-lista og Á-lista fyrir kosningar. Þetta kemur fram í blaðinu Austurglugganum.**

**D-listi og L-listi voru í meirihluta fyrir kosningarnar en eru nú í minnihluta. Fulltrúi minnihlutans segir í samtali við Austurgluggann að fulltrúar núverandi meirihluta hafi sagt „gífurlegan vöxt í stjórnsýslunni" þótt tölur segðu annað. Bæjarstarfsmenn hafi því verið uggandi. Formaður bæjarráðs segir að þótt gera eigi breytingar í stjórnsýslunni tilgreini starfsmennirnir aðrar ástæður í uppsagnarbréfum sínum.** - gar

SKAFTÁRHREPPUR

**Nýr sveitarstjóri**

Eygló Kristjánsdóttir hefur verið ráðin sveitarstjóri Skaftárhrepps. Eygló er viðskiptafræðingur og hefur hún gegnt starfi skrifstofustjóra Reykhólahrepps í átta ár.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# Taktu flugið

**Nettilboð 14. – 20. júlí**

## Til og frá Reykjavík:

- » Akureyri **6.150 kr.**
- » Egilsstaðir **7.150 kr.**
- » Ísafjörður **6.150 kr.**
- » Vestmannaeyjar **5.150 kr**

Verð aðra leið með sköttum. Takmarkað sætaframboð.

**Einungis bókanlegt á flugfelag.is**

→ flugfelag.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 50731 06/2010

# skoðun

greinar@frettabladid.is

ORF líftækni er eitt af hátæknifyrirtækjunum sem eiga gríðarlega möguleika.

## Líftæknistóriðja

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í laugardagsblaði Fréttablaðsins var rætt við Björn Lárus Örvar, forstjóra ORF líftækni. Hann sagði þar meðal annars að ORF gæti á skömmum tíma orðið stórfyrirtæki á íslenzkan mælikvarða. Starfsmönnum hefur á skömmum tíma fjölgað úr 20 í 40. Fyrirtækið er í samstarfi við erlenda fjárfesta, sem hafa trú á því og hafa lagt því til hundruð milljóna króna, á sama tíma og önnur íslenzk fyrirtæki þurfa að hafa mikið fyrir að laða að sér erlenda fjárfesta.

Áform fyrirtækisins eru óneitanlega stórbrotin og árangurinn til þessa sömuleiðis eftirtektarverður. ORF stefnir á stórfellda akuryrkju, þar sem erfðabreytt bygg verður ræktað til að framleiða ýmiss konar líftæknivörur. Þar á meðal eru snyrtivörur, sem þegar hafa öðlazt vinsældir, en jafnframt vörur sem geta stuðlað að byltingu í læknisfræði. Björn Örvar segir þannig frá því að fyrirtækið stefni að því að framleiða vaxtarþætti, sem nota megi til að rækta líffæri í menn utan líkama. „Þessu má líkja við að hægt sé að smíða varahluti í menn,“ segir Björn og nefnir að þvagblaðra hafi verið ræktuð utan líkama og jafnframt búnar til hjartalokur, vélinda og barki.

Starfsemi fyrirtækis á borð við ORF getur þannig ekki eingöngu stuðlað að því að laða fjármagn til landsins og skapa vel borguð störf fyrir vel menntað fólk, heldur getur hún orðið til þess að mikið veikt fólk fái bót meina sinna og bætt lífsgæði bæði í okkar samfélagi og annars staðar.

Svo einkennilegt sem það er, hefur starfsemi ORF líftækni mætt talsverðri andúð í afmörkuðum hópum hér á landi. Sumir hafa haft áhyggjur af útiræktun fyrirtækisins á erfðabreyttu byggi, þrátt fyrir að það sé yfirgnæfandi álit þeirra vísindamanna, sem til þekkja, að hættan á því að byggið hafi áhrif á aðrar lífverur sé hverfandi. Aðrir verða bara bláir í framan þegar þeir heyra orðið „erfðabreytt“ og rökræðan stoðar þá lítið.

Að afloknum miklum og ýtarlegum umræðum og kynningu fékk fyrirtækið í fyrra leyfi til slíkrar útiræktunar á byggi. Þá brá svo við að öfgahópur eyðilagði uppskeruna í skjóli nætur.

Leyfi ORF til akurræktar var kært til umhverfisráðherra og fyrirtækið bíður nú eftir úrskurði Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra í málinu.

Öll rök hníga að því að ORF haldi leyfinu. Fyrir því eru bæði lagalegar forsendur og vísindalegar. Hins vegar hræða sporin hjá ráðherrum vinstri grænna. Þegar um er að ræða atvinnustarfsemi, sem getur skapað mörg störf og stuðlað að því að koma Íslandi á ný út úr kreppunni, virðast þeir á stundum leggja sig í framkróka við að tefja fyrir ef einhverjir hópar í baklandi flokksins eru á móti viðkomandi starfsemi.

Ef Svandís Svavarsdóttir og samráðherrar hennar meina hins vegar eitthvað með talinu um að hátækni- og sprotafyrirtæki séu framtíðin í íslenzku atvinnulífi, ættu þau að greiða götu ORF líftækni. Fyrirtæki af þessu tagi geta orðið hryggjarstykkið í endurreisninni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Of seint

Tilkynnt var í gær að kolkrabbinn Páll, sem vakti heimsathygli fyrir getspeki í HM í fótbolta, sé hættur að spá. „Hann mun ekki spá meira hvort sem um er að ræða fótbolta, pólitík, lífsstíl eða efnahagsmál,” sagði talsmaður dýragarðsins Oberhausen. Þar fór sú hugmynd að láta Pál ákveða hvort Ísland eigi að ganga í ESB eða ekki. Það myndi spara langa og hvimleiða umræðu, auk þess sem Íslendingar hafa reynslu af því að örlög þeirra séu í örmum kolkrabba.



### Í öldurótinu

Guðmundi Kristjánssyni útgerðarmanni hefur verið gert að endurreisa sjóvarnargarð við heimili sitt á Seltjarnarnesi, sem hann reif niður. Í samtali við DV segist Guðmundur hafa rifið sjóvarnargarðinn því honum hafi þótt hann ljótur. Burtséð frá fagurfræði garðsins hefði Guðmundur eigi að síður átt að átta sig á hlutverki hans – útgerðarfyrirtæki hans heitir jú Brim.



### Mótleikur

Deilt er innan ríkisstjórnar um lögmæti kaupa Magma Energy á HS orku. Svandís Svavarsdóttir og Ögmundur Jónasson vilja ekki að kanadíska orkufyrirtækið komist upp með að sneiða framhjá lögum um erlenda fjárfestingu í skjóli skúffufyrirtækis í Svíþjóð. Verði samningum ekki rift gætu VG hins vegar látið krók koma á móti bragði og séð til þess að skúffan lendi í réttu skattholi.

bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Miði í happdrætti helvítis

Forvarnir



Karl V. Matthíasson
vímuvarnaprestur

Fyrir stuttu náðu íslenskir löggæslumenn stórri sendingu amfetamíns. Það var sending sem svarar til eins árs amfetamínneyslu hér á landi sé miðað við síðustu ár. Við getum þakkað íslenskum löggæslumönnum að ekki varð úr þessum innflutningi.

Þessi smygltilraun er alvarlegur glæpur. Við getum spurt okkur eftirfarandi spurninga: Hversu mörg dauðsföll eða sjálfsvíg eða jafnvel morð búa í þessum efnum? Hversu margar líflátshótanir, ógnanir og handrukkanir? Hversu mikil angist barna fíkniefnaneytenda? Hversu margar vökunætur ráðvilltra foreldra eða kvíðafullra systkina? Hversu margar lygar? Já hversu mikil vonbrigði búa í þessum efnum? Og svona getum við spurt svipaðra spurninga, endalaust.

Að undanförnu höfum við séð og heyrt fréttir um vaxandi ofbeldi og ógnanir gegn lögreglunni? Í flestum tilvikum er þetta fólk undir áhrifum áfengis eða fíkniefna en í grunninn er það alla jafnan ósköp venjulegt fólk sem hefur bilast af áfengis- eða annarri vímuefnaneyslu. Manneskjur sem einu sinni voru börn er áttu fallega drauma um bjarta framtíð. Drauma sem snerust um allt annað en að sjúga upp í nef sitt amfetamín, kókaín, drekka bjór eða brennivín eða borða gull í glæstum veislusölum peningadýrkenda.

Á síðustu árum og mánuðum höfum við misst marga vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu. Mjög oft í umferðarslysum og margs konar öðrum óhöppum sem rakin verða beint eða óbeint til þeirra vímuefna sem eru á boðstólum. Það er óhætt að segja að þau sem byrja að drekka séu orðin handahafar miða í happdrætti helvítis, þar sem „vinningarnir“ eru hvers kyns ógæfa, dauði eða slys.

> Það er óhætt að segja að þau sem byrja að drekka séu orðin handhafar miða í happdrætti helvítis...

Ég hvet fólk til að íhuga þessi mál af mikilli alvöru, ekki síst á þeim tímum sem við verðum að nýta alla okkar kraft til þess að reisa landa okkar úr rústum hruns sem örugglega má rekja að nokkru leyti til áfengis- og fíkniefnaneyslu. Brýnum nú fyrir börnum okkar og ungmennum að lífið sé of dýrmætt til að eyða því við altari Bakkusar, þar sem villuljósin loga og falsvitar brenna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**FULLKOMNUNARÁRÁTTA** getur haft bæði góð og slæm áhrif á heilsu fólks. Kostirnir eru að hún fær fólk til að fylgja ströngum reglum við meðhöndlun á sykursýki tvö en ókostirnir eru aukin geðræn pressa.






Eirberg

Bjargar mannslífum

PRIMEDIC hjartastuðtækið

- Ávallt tilbúið til notkunar
- Einfalt og öruggt
- Einn aðgerðarhnappur
- Lithium rafhlaða
- Íslenskt tal

PRIMEDIC Saves Life. Everywhere.

Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is





friendtex

ÚTSALA

Nú er hægt að gera frábær kaup

komdu það, borgar sig

Opið mánud. – föstud. frá kl 11 – 18

Lokað á laugardögum

50% 40%

Bonito ehf. Friendtex, Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is





Patti.is

Landsins mesta úrval af sófasettum

Lyon B sett 3+1+1 Verð frá 341.000 kr

Glæsileg útskorin sófaborð verð frá 59.900 kr

Láttu þér líða vel í sófa frá Patta

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opið : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18




„Ég hef miklu meira úthald en áður og mér finnst ég mun hraustari núna og í betra formi en fyrir tíu árum, " segir Þórhallur Birgisson, framkvæmdastjóri póstkorta- og minjagripafyrirtækisins Sólarfilmu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Innblástur nýs lífsstíls kom frá elsta syninum

**Þórhallur Birgisson framkvæmdastjóri hóf markvissa líkamsrækt fyrir tæpum tveimur árum. Nú mætir hann yfirleitt í Laugar fimm daga vikunnar, iðkar þrek og þolæfingar og syndir að þeim loknum.**

„Ég er ekkert að reyna að byggja upp einhverja rosalega vöðva en ég finn fyrir gjörbreyttri heilsu eftir að ég fór að hreyfa mig reglulega. Ég hef miklu meira úthald en áður og mér finnst ég mun hraustari núna og í betra formi en fyrir tíu árum, " segir Þórhallur Birgisson, framkvæmdastjóri póstkorta- og minjagripafyrirtækisins Sólarfilmu. Frá því haustið 2008 kveðst hann hafa mætt reglulega í World Class í Laugum og vera búinn að léttast um ein sex eða sjö kíló. En hvaða æfingar eru þetta sem hann stundar helst? „Til að þjálfa þolið eru það skíðagöngutækin sem virka vel. Svo eru önnur tæki sem vinna á móti þyngdarlögmálinu með lóðum og í þau fer ég til að byggja upp þrek. Í kjölfar hverrar æfingar syndi ég svo líka," lýsir hann og telur sundið ekki sístu heilsubótina.

Þórhallur kveðst lengi hafa átt við bakvandamál að stríða og æfingarnar séu meðal annars viðleitni til að sporna við því. Skyldi hann hafa fengið tilsögn í æfingunum í byrjun eða er hann kannski búinn að vera undir eftirliti allan tímann? „Já, ég hef haft einkaþjálfara verulegan hluta æfingatímans og svo líka mætt þess á milli," segir hann og kveðst einnig hafa verið hjá kírópraktor nýlega og það hafi verið áhugaverð reynsla.

Innblásturinn að þessari þjálfun kveðst Þórhallur hafa fengið frá elsta syni sínum, Ingimar. „Strákurinn er duglegur að hreyfa sig og hann ýtti mér svolítið út í þetta," segir hann brosandi. „Að horfa á hans líkamlegu uppbyggingu og styrk verða til fyrir framan nefið á mér, það vakti áhuga minn."

Þórhallur kveðst hafa farið fremur rólega af stað í byrjun en síðar fjölgað æfingum í fimm á viku. Þær taki þó ekki mikinn tíma hverju sinni. „Ég er mættur í Laugar svona um sjö leytið á morgnana og er kominn í vinnuna kortér, tuttugu mínútur yfir átta. Í mínu tilfelli er um langtímaverkefni að ræða. Þetta er lífsstíll sem ég hef tileinkað mér og ætla að iðka áfram af því ég finn hvað hann gerir mér gott."

*gun@frettabladid.is*


KRINGÓMA SURROUND

Ný tækni . Betra verð . Fagleg þjónusta

SURROUND SOUND by ReSound

Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steríótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.

ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.

HEYRN HEYRNARÞJÓNUSTA

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur -www.heyrn.is

Tímapantanir 534 9600

dot by ReSound

ReSound rediscover hearing




**MATARÆÐI** í jafnvægi er mikilvægt fyrir alla, líka grænmetisætur. Bandarískir fræðimenn segja D-vítamín og B12 auk prótína oft vanta í mataræði grænmetisætna.

















Björn Rúnar segir 25 til 30 prósent Íslendinga þjást af einhvers konar ofnæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Góð afnæmismeðferð

**Niðurstöður fyrstu rannsóknarinnar á árangri afnæmismeðferðar á Íslandi hafa nú verið birtar. Niðurstöðurnar sýna með óyggjandi hætti að afnæmismeðferð skilar miklum árangri hér á landi.**

„Við skoðuðum hver árangurinn af afnæmismeðferðinni væri og eins hvort við fyndum einhverja þætti sem segðu til um það hvort fólk svaraði meðferðinni vel eða illa,“ segir Björn Rúnar Lúðvíksson yfirlæknir á ónæmisfræðideild, sem birti nýverið niðurstöður úr fyrstu íslensku rannsókninni á árangri afnæmismeðferðar ásamt Davíð Gíslasyni yfirlækni, Guðmundi H. Jörgensen lækni, Yrsu B. Löve lækni og Sverri Gauta Ríkarðssyni læknanema.

„Það sem kom okkur á óvart voru þeir þættir sem höfðu áhrif á árangurinn af meðferðinni,“ segir Björn Rúnar og útskýrir það: „Karlar urðu oftar einkennalausir heldur en konur og ef það var sterk ættarsaga um ofnæmi í fjölskyldunni var fólk líklegra til að svara meðferðinni vel. Hugsanlega getur það þá verið með hreinna form af sjúkdómnum.“



Margir Íslendingar þjást af frjókornaofnæmi en afnæmismeðferð getur stuðlað að bata.

Markmið afnæmismeðferðar er að minnka áhrif ofnæmis. Að sögn Björns Rúnars hefur afnæmismeðferð verið stunduð á Íslandi frá því um miðjan áttunda áratug síðustu aldar og er sjónum beint að nánast öllu því tímabili í rannsókninni. „Við getum afnæmt gegn flestum hlutum sem fólk andar að sér.“

Rannsóknartímabilið náði yfir árin 1977 til 2006. Haft var samband við 169 manns vegna rannsóknarinnar og 76 prósent þeirra samþykktu þátttöku en 289 manns gengust undir meðferðina á tímabilinu. Þeir svöruðu ítarlegum spurningalista um árangurinn og aukaverkanir og einnig var framkvæmt húðpróf. Þátttakendurnir í rannsókninni voru afnæmdir gegn vallarfoxgrasi, birki, köttum og rykmaurum og reyndust 67 prósent verða einkennalaus eða betri. „Við vitum að afnæming gegn frjókornum og rykmaurum er langáhrifaríkust. Hún virkar síður gegn dýrum.“

Björn Rúnar segir fáar rannsóknir státa af jafn löngu rannsóknartímabili. „Menn hafa ekki verið fullvissir um hversu lengi áhrif afnæmingarinnar vara. Rannsóknir hafa sýnt fram á að áhrifanna gætir enn eftir fimm til tíu ár en við sýnum að tuttugu til þrjátíu árum frá afnæmingunni er enn þá mjög góður árangur og jafnvel eru einkennin orðin enn minni heldur en hjá þeim sem luku meðferð fyrir fimm eða tíu árum,“ segir Björn Rúnar en setur þó þann fyrirvara að almenna reglan sé að ofnæmiseinkenni minnki með aldrinum.

„Engu að síður sýna niðurstöður rannsóknarinnar með óyggjandi hætti að meðferðin er að skila miklum árangri,“ upplýsir Björn Rúnar sem segir það mikilvægt vegna þess að 25 til 30 prósent Íslendinga þjáist af einhvers konar ofnæmi. *martaf@frettabladid.is*

# Óafvitandi með sykursýki

**Margir Víetnamar þjást óafvitandi af sykursýki og sjúkdómurinn breiðist hratt um Suðaustur-Asíu.**

Rannsókn ástralskra og víetnamskra vísindamanna hefur sýnt fram á að ellefu prósent karlmanna og tólf prósent kvenna í stærstu borg Víetnam, Ho Chi Minh borg, eru óafvitandi með sykursýki tvö. Bætist þetta við þau fjögur prósent sem þegar hafa verið greind. Rannsóknin var gerð á tvö þúsund manns. Þetta kemur fram á vef breska ríkisútvarpsins.

Vísindamennirnir skella skuldinni á breyttan lífsstíl og skyndibitafæði Víetnama. „Mataræði hefur verið að breytast gífurlega í Víetnam á síðustu árum, sérstaklega í borgunum sem eru að verða vestrænni,“ sagði Tuan Nguyen prófessor. „Það eru skyndibitakeðjur úti um allt.“

Mikið magn sykurs og fitu í mataræðinu og ónóg hreyfing getur leitt til sykursýki tvö. *- mmf*



Vísindamennirnir skella skuldinni á breyttan lífsstíl og skyndibitafæði Víetnama. NORDICPHOTOS/GETTY

**GOLFNÁMSKEIÐ** fyrir börn verða haldin á æfingasvæði Bása hjá Golfklúbbi Reykjavíkur í Grafarholti í allt sumar. Hvert námskeið er vikulangt og ýmist er kennt fyrir eða eftir hádegi. Skráning á progolf.is.






Hér er verið að flytja Ráðhúsið af smíðavellinum heim í garð þar sem mjög vel er fylgst með því. Stúlkurnar heita Vala Magnúsdóttir, Valdís Eik Ragnarsdóttir, Ragnheiður Íris Ólafsdóttir, Embla Þöll Einarsdóttir og Tinna Birna Björnsdóttir en á myndina vantar Ástu Indíu Valdimarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ráðhúsið reisulega sem byggt var við Naglastræti

**Margir flottir kofar urðu til í sumar á lóðinni við Háteigsskóla. Einn þeirra gnæfði þó yfir hina. Hann var smíðaður af sex knáum stúlkum sem ætla að halda áfram að prýða bygginguna til að eiga þar afdrep.**

„Þetta var langstærsta húsið á smíðavellinum og var kallað Ráðhúsið við Naglastræti. Okkur fannst rosalega gaman að smíða það," segir ein stúlknanna sex sem eiga heiðurinn af tveggja hæða stórhýsi með svölum sem varð til á smíðavellinum við Háteigsskóla. Þær höfðu aðgang að vellinum frá níu til fjögur alla virka daga í þrjár til fjórar vikur en segjast ekki alltaf hafa verið allan daginn, þó svo að verkefnið hafi verið áhugavert.

„Hjá okkur mátti smíða alls konar kofa en á sumum smíðavöllum urðu allir að gera eins," lýsa þær og telja fyrirkomulagið hjá þeim alveg til fyrirmyndar. En hver ákvað hvernig húsið ætti að líta út? Jú það kemur í ljós að tvær úr hópnum teiknuðu það upp en á byggingartímanum breyttust forsendur. „Við ætluðum að hafa báðar hæðirnar jafn stórar en það var svo lítið timbur eftir svo við máttum bara setja þak á hálfa efri hæðina svo við bjuggum til svalir úr hinum helmingnum. Við erum allar rosalega ánægðar með þær," segja þær.

Við hittum þær stöllur þegar verið var að flytja húsið af smíðavellinum heim í garð þar sem mjög vel er fylgst með því. Þær segjast hafa lært mikið á því að vinna svona saman. „Við tökum allar ákvarðanir saman til að við verðum allar ánægðar í lokin. Stundum greiðum við atkvæði og þá er það meirihlutinn sem ræður. Þannig verður það örugglega þegar við förum að velja litina," segja þær.

Það stendur semsagt til að mála slotið. „Við máttum byrja að mála á smíðavellinum en við ákváðum að gera það frekar heima því það verður mikið verk," segja þær. „Svo ætlum við líka að setja upp gluggatjöld."

Inni í húsið hafa stúlkurnar smíðað bekk og tvær hillur, svo er stigi upp á loft og þaðan er gengið út á svalirnar. En hvernig ætla þær að nota Ráðhúsið? „Við ætlum að leika okkur þar með dótið okkar." „Já og fara þangað með nesti," segja þær.

Sjálfsagt verða haldnar þar veislur eins og sæmir í ráðhúsi. Snittur og fínerí! *gun@frettabladid.i*



Ungir notendur á Facebook í Bretlandi geta nú tilkynnt áreiti strax með því að ýta á hræðslutakkann. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Geta tilkynnt áreiti strax

**Hræðslutakki fyrir börn er nýjung á Facebook í Bretlandi.**

Ungir notendur á Facebook í Bretlandi geta nú tilkynnt áreiti á samskiptasíðunni til barnaverndarstofu. Lögregluyfirvöld og ýmsir stuðningshópar barna í Englandi, Skotlandi og Wales hafa barist fyrir hræðslutakka í nokkra mánuði þar sem börn verða færð á síðu þar sem hægt verður að tilkynna misnotkunina. *- mmf*

Mannlegt mál er mjög flókið kerfi tákna og reglna en samt ná ósjálfbjarga börn valdi á móðurmáli sínu á undraskömmum tíma. Flest börn eru orðin altalandi um 4-6 ára aldur og hafa þá náð valdi á málkerfinu í meginatriðum, þó þau eigi enn eftir að tileinka sér einstaka reglur málsins og öðlast meiri orðaforða.

visindavefur.hi.is













# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

**68%**
Lesa bara Fréttablaðið



**5%**
Lesa bara Morgunblaðið

**27%**
Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir
**95%**
lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv 2009 - apr 2010.

## Varahlutir

VARAHLUTIR AUKAHLUTIR
Sérpöntum vara- og aukahluti fyrir ALLAR gerðir bíla frá Ameríku!
35 ára reynsla í sérpöntunum. Einstök fagþekking - hröð þjónusta. Höfum bæði "original" og "after-market" varahluti.
Fyrirspurnir á tölvupósti sendist á: serpontun@benni.is
Bílabúð Benna
590 2000

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR
PARTASALA ...NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir í MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Sérhæfum okkur í Subaru, Nissan, Toyota o.fl. Kaupum bíla til niðurrifs eða uppgerðar. Tökum alla bíla til förgunar gegn skilagjaldi. Dalshrun 20.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Kangoo & Skoda Oktavia ,02. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Óska eftir trampólíni. Uppl. í s. 892 7852.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.**
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11

# ÞJÓNUSTA

## Veitingastaðir

Kínahofið Tilboð. Súpa og 4 smáréttir kr. 1450 kr. tekið með. 1590 ef borðað er á staðnum. Nýbýlavegi 20 Kóp. S. 554 5022.

## Barnagæsla

Dagmamma í 104RVK getur bætt við sig börnum. S. 650 4200.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Túnþökusala Oddsteins
• Lóðaþökur
• Fótboltaþökur
• Gólfvallargras
• Holtagróður
Steini S. 663 6666
visa/euro

Nýtt útlit á gömul plön
Sérhannaðar vélar
Yfirborðshreinsun
Olíuhreinsir
Sápusýruþvottur
Gróðureyðir
Endurfúgun
Lökkun 2 umferðir
4-5 ára ending
Láttu okkur sjá um verkið
Gerum tilboð að kostnaðarlausu
4 400 400 STEYPUSTÖÐIN
www.steypustodin.is

HreinirGarðar
TRAUST OG ÖRUGG GARÐÞJÓNUSTA
• Trjáklippingar
• Trjáfellingar
• Garðsláttur
• Beðahreinsun ofl.
S.571-2000

Sælugarðar
→ Garðsláttur
→ Garðaúðanir
→ Beðahreinsun
→ Trjáklippingar
→ Trjáfellingar
→ Þökulagnir
→ Hellulagnir
→ Sólpallasmíði
Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
Garðsláttur í áskrift
Beðahreinsun
Trjáklippingar
Stubbatæting
Garðaúðun
Þökulagnir
Og margt fleira
Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Gardlist.is

Alhliða garðaþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Tökum að okkur alhliða garðvinnu & hreinsun. Klippum og fellum tré, jarðvegsskiptum, helluleggjum, þökuleggjum, beðahreinsum og fleira.
Vönduð vinnubrögð
- Hjörleifur í s. 844 6547
- Róbert í s. 866 9767

**Trjáklippingar / fellingar / sláttur**
Öll almenn lóðaumhirða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

SÓLPALLAR, skjólveggir, öll almenn smiða og garðvinna, vanir menn og góð verð. Brynjar s: 862 8621.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

Garðaumsjón: Vanti þig slátt, úðun eða aðra þjónustu í garðinum er ég tilbúinn uppl: 698 1215 Halldór Garðyrkjumaður

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

ÍSLANDSMÁLUN
ÞAKMÁLUN • ÞAKMÁLUN
HÚSEIGENDUR • HÚSFÉLÖG
Þarf að fara huga að viðhaldi á þakinu eða húsinu?
Löggiltur málarameistari. Sérhæfður í málun og viðhaldi á þökum.
GERUM TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU
ÍSLANDSMÁLUN EHF
Upplýsingar gefur Grétar í s. 899 2008

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Vöruflutningar

Búslóðir & alhliða sendib.þjónusta. Sanngjarnt verð! S. 892 6363 & á www.vefsida.is/skutlari.

## Húsaviðhald

Steinslípun
Kjarnaborun
Steinsögun
Litli klettur
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355




**www.smidaland.is**
Nýsmíði - viðhald - gluggar -sólpallar - öll smíði. S. 772 0040.

Fagþjónusta - Allt á einum stað.
Tökum að okkur flísalögn, múrverk, málningu, pípulögn, raflögn og annað tengt viðhaldi á húsnæði.
Vönduð og góð vinnubrögð.
Strúctor ehf s. 893 6994 & 896 4980

Granat-Múr ehf.Húsaviðgrðir. Múrviðgerðir.Steining.Flísalagnir Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Uppl 866 6291.

**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Tölvur

ÓDÝRAR TÖLVUVIÐGERÐIR
start TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr. án VSK
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Whole body massage. S. 849 5247

## Spádómar

908 1888
Spásími Daddýar alla daga.
250 kr. mínótan.

Englaljós
908 700 & 863 1987
opið 11-23
visa/euro

## Trésmíði





**Bergiðjan ehf Íslensk framleiðsla**
Júlí afsláttur 20% á Einingargróðurhúsi 14 Fm til sýnis Tangarhöfða 2 .Júlí afsláttur 30% af Minigolfi, vinsælt á pallinn,í bústaðinn og garðinn er með 3 holum og 3 þrautum auðvelt að spila 6 til 9 holur. Erum að hefja framleiðslu á garðvörum úr Íslenskum trjábolum. Uppl. í s. 772 9030 & 867 3245. Bergiðjan ehf, Tangarhöfði 2, 110 RVK. bergidjan@gmail.com

## Önnur þjónusta

**Sjóstöng, Sjóstöng.**
Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

VERSLUNARTÆKNI
Vindskilti
Plakatstærð 50x70cm
38.900,- +VSK
www.verslun.is
Pöntunarsími: 5351300

Ísskápur á 15þ. Stálísskápur 180cm á 55þ. Þvottavélar á 20-30þ. Stór amerískur þurrkari á 30þ.Stór nýleg amerísk 10kg þvottavél á 60þ. Þurrkari á 20þ. Örbylgjuofn á 5þ. Borðuppþvottavél á 20þ. Bílahátalarabox á 5þ. CD á 4þ. Brauðrist á 2þ. Grill á 2þ. Teppi á 5þ. Stál bakaraofn á 25þ. Gasgrill á 10þ. Glerborð á 5þ. Barískápur á 10þ. Uppþvottavél á 20þ. Helluborð á 10þ. S. 896 8568.

**Rúllugardínur**
Þessar gömlu góðu, margir litir, afgreiðslan opin 14-17. Gluggakappar sf. Reyðarkvísl 12, Ártúnsholti, s. 567 1086.

## Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is
í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin

**Vantar stóra þvottavél**
Vil kaupa stóra þvottavél, ameríska 10kg eða sameignarvél. Má vera biluð. Uppl í S. 847 5545

Vantar gamla ritvél. 1945 módel eða eldra. Gefins eða ódýrt. Staðgreitt. maxtrader@simnet.is

## Sjónvarp

Gott notað sjónvarp óskast á sanngjörnu verði. s. 562 2503

## Vélar og verkfæri






JCB grafa árg. 2000 4x4 ( Fjarki) til sölu Notk. 4.700 klst, Toppstand Ný dekk. uppl. í s. 568 2121 og 892 1270.

## Til bygginga

Fjölbreytt úrval! Krossviður-Gipsplötur- Einangrun-Þakpappi-MDF-Pallettutimbur. www.ulfurinn.is - s: 555 7905.

## Verslun



Forskot á sumarútsöluna 30-50% afsláttur. Emilía Bláu húsin Faxafeni. s: 588 9925 emilia.is

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Ýmislegt



NUDDPOTTAR F.HITAVEITU Bjóðum bestu gæðin á góðu verði www.oskarsson.is 566 6600.

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - Tilboð - NUDD**
**Nudd kr. 3500,-**
Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 57 8 57 57 & 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

**NUDD**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Námskeið fyrir börn og fullorðna. Skráning á www.brokey.is & s: 895 1551 Siglingafélag Reykjavíkur

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**Ragdoll**
Til sölu Ragdoll kettlingar, ljúfir og rólegir. Afhendast í byrjun ágúst. Uppl. í s. 891 8658 / steinunnol@gmail.com. Steinunn.

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet - Silunganet**
Flot- og sökknet. Mikið úrval. Heimavík. Sími 892 8655. heimavik.is

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

3 herb. íbúð til leigu, í nágrenni Rvk. 20 mín. keyrsla til Rvk. Ásamt hesthúsi. S. 869 5212.

ROOM f/RENT w/FURNITURE IN 108 RVK. NEAR KRINGLA AND 109 AND 111 BREIÐHOLT 897 3611

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi í 101 Rvk. til leigu. 35þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., sér wc, frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

Gott herb. með svölum til leigu í Hafn. Aðg. að wc, sturtu, eldh. og þv.húsi. v. 37.000 s. 823 6465.

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Til leigu. Uppl. í S. 866 7511.

2 herb. miðb. Rvk. 60fm. Húsgögn fylgja fyrir reglusam. einstak. eða par. 80 þ. S 895 0482, eftir kl 16.

## Húsnæði óskast

Traustur og reglus. einst. óskar eftir 1-2ja svefnh. íbúð á sv. 105 eða 101. Uppl í S: 8575559 e. kl. 17 eða sigurvinbs@gmail.com

## Sumarbústaðir

Sumarhús í Flóahreppi, 10 min frá Selfossi. Mikið privat. S. 899 5863 www.starplus.is

Sumarhus.com Smíðum sumarhús, allar gerðir, áratuga reynsla, gerum tilboð. S. 615 2500.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

Gisting í 2-3 manna stúdíóíbúð í gistiheimili við Dugguvog. Verð 9000 per nótt. S. 824 6692.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Loftorka ehf**
**Óskar eftir vönum valtaramanni á malbiksvaltara.**
**Upplýsingar í síma 565 0875.**

Hótel í miðborg Rvk. óskar eftir vönu fólki í þrif á herbergjum uppl: 822 5778

**Ferðaklúbbur**
Frábært tækifæri verið velkomin á kynningu miðvikudaginn 14/07 kl. 18 & 20. uppl. í s. 777 3776 & 821 3541.

Óskum eftir tveimur reyndum gröfumönnum til vegagerðar í Grænlandi. Skilyrði er að umsækjendur hafi mikla reynslu af notkun vinnuvéla til vegagerðar. Dönskukunnátta æskileg. Áhugasamir vinsamlega snúi sér til : Voot Danmark Aps , símanr: 00298 505133 (Færeyjar) eða netfang: hah@kallnet.fo

## Atvinna óskast

27 ára kk óskar eftir vinnu. Allt kemur til greina, er með vinnuvélapróf. Get byrjað fljótlega. Uppl. í s. 659 4505.

## Ýmislegt

**Vildarpunktar**
Óska eftir vildarpunktum til kaups. S. 840 1616

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Opið þegar þér hentar.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)


**vísir.is**
*"...ég sá það á vísi"*

**Auglýsingasími**
**512 54 01**



Allt sem þú þarft...


# Rýmingarsala - Lokadagar
## Skrifstofuhúsgögn og ýmis búnaður

- Lucent símstöð fyrir 15-30 notendur
- El Steel tölvuskápur 2m með tengi brettum
- Ricoh Afico 400 fullkomin ljósritunarvél tekur A3
- 15 x skrifborð
- 4 x skrifborðsstólar
- 3 x möppuskápar
- 3 x skjalaskápar
- 1 x Rosengrens eldvarinn skjalaskápur
- 2 x fundarborð – 6 og 12 manna
- 12 x stólar með svörtu ullaráklæði við fundarborð
- 5 x kaffistólar
- 8 x stólar með örmum
- Sófar & hægindastólar
- Eldhúsinnrétting m. Siemens tækjum
- Graníthellur 100m2
- Ásamt ýmsum öðrum búnaði

**Til sýnis og sölu að Fiskislóð 73 frá kl. 13 - 18.**
**Lokað sunnudaga**
**Upplýsingar í s. 861 3889**



# HANDHOGGIÐ BLÁGRÝTI
# TIL SÖLU

**Tilboð óskast í c.a. 200-300 hleðslusteina úr blágrýti**



**Til sýnis og sölu að Fiskislóð 73**
**upplýsingar í s. 861 3889**

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**



**Einar Páll Kjærnested**
**lögg. fasteignasali.**
**einar@fastmos.is**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
**WWW.FASTMOS.IS**

**Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 17:30–18:00**
**Næfurás 12, íbúð 302 – 110 Rvk.**




Rúmgóð 2-3ja herbergja íbúð á 3. hæð við Næfurás 12 í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofuhol, gang, stórt hjónaherbergi með fataskáp, baðherbergi með baðkari og sturtu, aukaherbergi (gluggalaust), stofu, eldhús m/borðkrók og þvottahús inn af eldhúsi. **V. 18,5 m.**

# Au pair óskast til Svíþjóðar

Íslensk 5 manna fjölskylda búsett í nágrenni við Stokkhólm óskar eftir au pair til starfa frá miðjum ágústmánuði.

Óskað er eftir barngóðri, duglegri og sjálfstæðri manneskju á aldrinum 20–26 ára. Ökuleyfi er skilyrði.

Áhugasamir vinsamlega sendið tölvupóst mtt. frekari upplýsinga á aupair.sverige@gmail.com

# Tilboð óskast í húseignina Þingvallastræti 23 á Akureyri.



**14824 Þingvallastræti 23 á Akureyri.**
Um er að ræða gamla Iðnskólann á Akureyri ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum. Heildarflatamál hússins er talið vera 2.224m² en stærð lóðar liggur ekki fyrir. Samkvæmt fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu verður hún 3.678m². Sjá nánar skipulagstillögu á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is

Húsið er byggt úr steinsteypu árið 1969 og er tvær álmur, ein aðalálma (austurálma) sem er þrjár hæðir og hálfniðurgrafinn kjallari. Önnur álma (vesturálma) er á einni hæð auk hálfniðurgrafins kjallara.

Brunabótamat allrar eignarinnar er kr. 430.950.000,- og fasteignamat er kr. 147.450.000,- Húsið er í góðu ásigkomulagi og hefur verið nýtt af Háskólanum á Akureyri sem skrifstofu og kennsluhúsnæði. Nánari upplýsingar má einnig finna á vef Ríkiskaupa www.rikiskaup.is

Húseignin verður til sýnis í samráði við Ólaf Búa Gunnlaugsson, GSM 893-9839, Háskólanum á Akureyri og Valþór Brynjarsson, GSM 896-5378, hjá Fasteignum Akureyrar.

Tilboðsblöð ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaðinu liggja frammi hjá ofangreindum aðilum og á skrifstofu Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík.

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10:00 þann 10. ágúst 2010 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

# Yfirburðir Fréttablaðsins algjörir!

## Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Nýjasta könnun Capacent Gallup staðfestir hinn gríðarlega mun sem er á lestri Fréttablaðsins og Morgunblaðsins.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

27,7%



**MORGUNBLAÐIÐ**

77,5%



**FRÉTTABLAÐIÐ**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

**Allt sem þú þarft...**



# Varanlegur eignarréttur yfir auðlindum

Auðlindamál

Jón Steinsson
lektor við Columbia-háskóla



Í umræðunni um úthlutun veiðiheimilda á Íslandi er því iðulega haldið fram að besta leiðin til þess að ná fram hagkvæmni í sjávarútvegi sé að ríkið úthluti varanlegum eignarrétti yfir aflahlutdeildum og leggi síðan enga frekari skatta á afnot af aflahlutdeildum umfram þá skatta sem öll fyrirtæki greiða. Varanlegur eignarréttur án sérstakra skatta er sagður tryggja að handhafar aflahlutdeilda hafi rétta hvata til fjárfestingar og verðmætasköpunar og að þeir fari vel með aflahlutdeildirnar. Þessi rök eru oft notuð gegn hugmyndum um auðlindagjöld í sjávarútvegi og einnig hugmyndum um fyrningu aflahlutdeilda og endurúthlutun með uppboði til 20 ára.

Til þess að sjá gallann við þessa röksemdafærslu er gagnlegt að horfa til úthlutunar annarra takmarkaðra náttúruauðlinda svo sem olíu. Að því er ég best veit úthlutar ekkert ríki heims sem býr yfir olíu varanlegum eignarrétti yfir olíulindum sínum án þess að innheimta einhvers konar auðlindaskatt að úthlutun lokinni. Flest ríki sem búa yfir olíu og úthluta afnotarétti til einkaaðila innheimta stærstan hluta tekna af olíulindum sínum í formi skatts sem er hlutfall af söluverði olíunnar.

Við fyrstu sýn virðist þessi staðreynd ef til vill illskiljanleg. Skattur sem er hlutfall af söluverði olíunnar hefur augljós skekkjandi áhrif á rekstur olíufyrirtækja. Á einhverjum tímapunkti verður ekki lengur hagkvæmt fyrir fyrirtækið að pumpa upp olíunni þar sem tekjur *eftir skatta* ná ekki að dekka kostnað þess þó svo að tekjur fyrir skatta séu meiri en kostnaður þess. Á þessum tímapunkti hættir fyrirtækið að pumpa olíu þó svo að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að halda áfram að pumpa. Við fyrstu sýn virðist því sem þessi ríki gætu aukið tekjur sínar af olíunni með því að selja varanlegan eignarrétt í stað þess að leggja á auðlindaskatta.

### Skortur á trúverðugleika

Þegar við hins vegar veltum fyrir okkur hvaða ríki það eru sem búa yfir olíu í heiminum skýrist af hverju það myndi ekki ganga í flestum tilfellum að selja varanlegan eignarrétt. Tökum til dæmis Nígeríu. Segjum að Nígería tilkynnti um sölu á varanlegum eignarrétti yfir ákveðinni olíulind. Myndu stóru olíufyrirtækin í heiminum bjóða sem nemur væntu verðmæti olíulindarinnar?

Alveg örugglega ekki. Þau myndu klárlega draga í efa trúverðugleika loforðs Nígeríustjórnar um varanlegan eignarrétt. Þau myndu meta líkurnar á því að Nígeríustjórn gengi á bak orða sinna og setti síðar meir sérstaka skatta á tekjur af olíulindinni eða þjóðnýtti hana með öllu. Þessi áhætta myndi gera það að verkum að olíufyrirtækin myndu bjóða mun lægra verð en vænt verðmæti olíulindarinnar. Ef Nígeríustjórn er skynsöm þá gerir hún sér grein fyrir þessu og reynir ekki að selja varanlegan eignarrétt en gerir þess í stað annars konar samning við olíufyrirtækin sem meiri líkur eru á að hún standi við; samning sem felur í sér greiðslur yfir allan samningstímann og greiðslur sem taka mið af arðsemi olíuvinnslunnar á hverjum tíma.

### En hvað með Noreg?

Slíkur skortur á trúverðugleika er landlægur þegar fátækari lönd heims svo sem Nígería, Bólivía og Venesúela eiga í hlut. En hvað með Noreg? Ef eitthvert ríki í heiminum er til sem getur staðið við loforð um varanlegan eignarrétt þá hlýtur það að vera Noregur.

Ég hef spurt nokkra af fremstu hagfræðingum Noregs hvernig standi á því að Noregsstjórn skuli ekki selja varanlegan eignarrétt yfir olíulindum sínum í stað þess að leggja himinháa skatta á tekjur af olíuframleiðslu. Þeir segja iðulega að ástæðan sé sú sama og í Nígeríu. Ef í ljós kæmi nokkrum árum eftir söluna að olíulindin væri tíu sinnum stærri en búist var við eða að olíuverð tífaldaðist þannig að hagnaður fyrirtækisins sem keypti olíulindina væri gríðarlegur myndi pólitískur þrýstingur á það að skattleggja „ofurhagnað“ í olíuframleiðslu verða óbærilegur. Bæði olíufyrirtækin og Noregsstjórn gera sér grein fyrir þessu og reyna því ekki að fara þessa leið.

### Sömu lögmál gilda um Ísland

Það er einfeldni að halda því fram að pólitískur þrýstingur um skattlagningu „ofurhagnaðs“ myndi ekki vera til staðar á Íslandi í framtíðinni ef stjórnvöld reyndu að úthluta varanlegum eignarrétti á aflahlutdeildum eða öðrum náttúrauðlindum (hvort sem þær auðlindir væru gefnar eða seldar) og lofa síðan handhöfum að þeir muni fá að halda öllum hagnaði umfram venjulega fyrirtækjaskatta.

Af þessum sökum er vænlegasta leiðin hvað hagkvæmni varðar að úthluta þessum auðlindum þannig að gjaldið sem tekið er af afnotum þeirra hækki og lækki sjálfkrafa í takt við verðmæti auðlindanna. Fyrning aflaheimilda og endurúthlutun til 20 ára og/eða auðlindagjald hafa þennan mikilvæga eiginleika.

# Bútasaumur og bensínstöðvar

Skipulagsmál

Ragnar Sverrisson
kaupmaður



Við sem stóðum fyrir átakinu Akureyri í öndvegi töldum miklu skipta að heildarbragur yrði á frekari uppbyggingu í miðbænum og samræmis gætt þannig að hann myndaði vistvæna heild frá Samkomuhúsinu og norður fyrir íþróttavöllinn. Með þessu yrði vikið frá því fyrirkomulagi sem hafði ríkt og oft líkt við bútasaum og felst í því að drita niður ósamstæðum byggingum hér og þar – allt eftir hagsmunum einstakra verktaka, einstaklinga eða fyrirtækja.

Það er hinsvegar á könnu og á ábyrgð bæjaryfirvalda að gæta heildarsýnar og tryggja að ákvarðanir um byggingar á tilteknum stöðum og aðrar framkvæmdir falli vel að fyrirfram ákveðinni stefnu eins og þeirri sem hið fjölmenna íbúaþing á Akureyri árið 2004 óskaði eftir: Að miðbærinn yrði skjólsæll og bjartur, hús ekki hærri en þau sem fyrir væru og íbúðum fjölgað þar svo úr yrði líflegur vettvangur atvinnu og mannlífs. Þannig voru mótaðar meginlínur sem íbúarnir óskuðu að lagðar væru til grundvallar í nýju heildarskipulagi miðbæjarins. Í arkitektasamkeppni og vandaðri vinnu sérstaks starfshóps sem fram fór í kjölfarið var tekið tillit til þessara óska.

Nú liggur fyrir til afgreiðslu í bæjarstjórn nýtt deiliskipulag miðbæjarins sem byggir á þessari sýn. En nú virðist eins og ný bæjarstjórn hafi vikið af þessari leið og leitt bútasaumsaðferðina aftur til öndvegis með tilheyrandi hrossakaupum.

### Bensínstöðvum skal fjölgað!

Á síðasta bæjarstjórnarfundi var samþykkt að auglýsa nýtt deiliskipulag á reitnum fyrir norðan og neðan Samkomuhúsið. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að þar verði sett á laggirnar enn ein bensínstöðin. Þó eru nægar slíkar í bænum og raunar fleiri á hvern íbúa en fyrir finnast á byggðu bóli. Auk þessarar bensínstöðvar er gert ráð fyrir veitingastað á blettinum í amerískum stíl með tilheyrandi auglýsingamennsku, bílaumferð og skarkala. Dæmigerð bútalausn sem að auki er ekki í neinu samræmi við niðurstöðu íbúaþings að haga skipulaginu á þann veg að miðbærinn laði til sín fleiri íbúa. Lögð var áhersla á að slík byggð yrði í útjaðri miðbæjarins en veitingarekstur og önnur atvinnustarfsemi nær miðjunni eða þá annarsstaðar í bæjarlandinu. Þar eru margir og góðir valkostir. En nú þarf nauðsynlega að fjölga bensínstöðvum því auk þessarar er verið að gefa leyfi fyrir enn annarri á Glerártorgi enda heilir 100 metrar í þá næstu! Um það virðist bæjarstjórnin sammála að sé hið mesta nauðsynjamál!

### Viljum við þetta?

Bútasaumur í skipulagi borga og bæja er kjörland þeirra sem vilja fara sínu fram án heildarsýnar. Hefst þá hið dapurlega bögglauppboð á lóðum og lendum þar sem auðna ræður för en skipulegri hugsun er ýtt til hliðar. Í mörgum bæjarfélögum hefur verið kvartað undan slíkum vinnubrögðum og því haldið fram að aðrir en stjórnir þeirra ráði í raun meiru um skipulagið enda þótt bæjarstjórnir beri ábyrgð á þeim málaflokki. Þá ríður einmitt á að hafa heildarsýn og mótaða stefnu. Það ágæta fólk sem nú hefur tekið við stjórn Akureyrar er ekki þekkt fyrir að hafa hana en frekar talað almennt um einstök málefni, forðast að setja fram mótaðar skoðanir og enn síður hvernig þau hyggjast fylgja þeim eftir. Þau verða því ekki hönkuð á að hafa ekki gert það sem þau vildu stefna að þar sem engin var stefnan. Þess vegna er ástæða til að óttast að í hönd fari blómatími þeirra sem unna ómarkvissum vinnubrögðum við frekari uppbyggingu bæjarins. Fyrsta verk nýrrar bæjarstjórnar bendir því miður til að bútasaumsaðferðin hafi verið leidd til öndvegis og hún síðan skreytt með bensínstöðvum hvar sem unnt er að pota þeim niður í bæjarlandinu. Það er að mínum dómi ógæfuleg stefna og til marks um að til valda sé komið fólk sem hefur ekki tileinkað sér heildarsýn um málaflokka eins og skipulagsmál og sé því berskjaldað gagnvart ásókn sérhagsmunahópa.









VIÐ ERUM HÉR FYRIR ÞIG

Við erum 12 manna samhentur hópur hér í Kópavogi sem starfar með það að markmiði að veita þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf.

*Útibúið er hluti af öflugri 200 starfsmanna liðsheild sem kappkostar að veita viðskiptavinum Byrs góða þjónustu.*

Við erum hér alla virka daga frá 9.00-16.00. Einnig getur þú hringt eða sent okkur tölvupóst og við finnum hentugan tíma handa þér.

Okkur er ávallt sönn ánægja að taka vel á móti þér.

*Með bestu kveðju,*
*Guðrún Gísladóttir, útibússtjóri í Kópavogi*
*kopavogur@byr.is*

BYR KÓPAVOGUR

BYR | Sími 575 4000 | www.byr.is

DYNAMO REYKJAVÍK

**JÚLÍUS SESAR FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI 100 ÁRUM FYRIR KRIST.**

*„Frekar myndi ég kjósa að vera fremstur í þorpinu en næstfremstur í Róm.“*

***Gajus Júlíus Sesar var rómverskur hershöfðingi og stjórnmálaleiðtogi. Hann átti stóran þátt í að gera Róm að heimsveldi.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 13.JÚLÍ 1923

## *Skiltið í hæðum Hollywood vígt*

Skiltið fræga í hæðunum fyrir ofan Hollywood var vígt á þessum degi árið 1923. Upphaflega stóð Hollywoodland á því en fjórir síðustu stafirnir voru teknir út árið 1949. Markmiðið með skiltinu var að auglýsa nýtt hverfi sem átti að byggja uppi í hæðunum og áætlað var að taka það niður aftur einu til einu og hálfu ári seinna. Svo fór þó ekki því skiltið varð fljótt alþjóðlegt tákn bandaríska kvikmyndaiðnaðarins og fékk því að vera í friði.

Skiltið var reist af The Crescent Sign Company og það var sjálfur eigandi fyrirtækisins, Thomas Fisk Goff, sem hannaði það. Hver stafur í skiltinu er 15 metra hár og um 9 metra breiður lýstur upp með 4.000 ljósaperum.




**MERKISATBURÐIR**

**1908** Konur keppa í fyrsta skipti á nútíma ólympíuleikum, í London.

**1959** Eyjólfur Jónsson syndir frá Vestmannaeyjum til lands á fimm og hálfri klukkustund en leiðin er um tíu og hálfur kílómetri.

**1973** Nýja eldfjallið í Heimaey hlýtur nafnið Eldfell, að tillögu örnefnanefndar.

**1977** Rafmagnið fer af New York í 25 klukkustundir.

**1985** Live Aid-tónleikarnir fara fram.

**1985** Bandaríski varaforsetinn George H. W. Bush leysir Ronald Reagan af á meðan hann fer í aðgerð.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorleifur Kristinn Guðmundsson,**

Húsasmíðameistari, Árskógum 8,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, mánudaginn 5. júlí. Verður jarðsunginn frá Grensáskirkju, miðvikudaginn 14. júlí kl. 11.00. Jarðsett verður frá Hagakirkju í Holtum samdægurs.

**Margrét Pollý Baldvinsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Guðrún Svandís Þorleifsdóttir** | **Brynjólfur Teitsson** |
| **Fjóla Jóna Þorleifsdóttir** | **Magnús Magnússon** |
| **Kristín Björk Þorleifsdóttir** | **Þorsteinn Þorgeirsson** |
| **Guðmundur Guðjón Þorleifsson** | **Elísa Vigfúsdóttir** |

**barnabörn og langafabarn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kári Halldórsson**

bryti, Barðaströnd 6, Seltjarnarnesi,

lést sunnudaginn 4. júlí á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju 14. júlí kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| **Þórhallur Kárason** | **Oyi Sirijanthrakan** |
| **Þórir Kristinn Kárason** | |
| **Geir Guðmundsson** | |
| **Halla Kristín Geirsdóttir** | |
| **Guðmundur Karl Geirsson** | **Elín Sigríður Grétarsdóttir** |
| **Kári Geirsson** | **Gan Songkrant** |
| **Alex Kári Þórhallsson** | |
| **Kristjana Káradóttir** | |
| **Katla Sóley Guðmundsdóttir** | |



*Hjartans þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurgeirs Sigurdórssonar**

sem lést 19. júní sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki LSH á Landakoti á deild L4 sem annaðist hann af einstakri alúð.

**Kristín Guðbjörnsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Sigrún Sigurgeirsdóttir** | **Jón G. Sigurðsson** |
| **Sólveig Sigurgeirsdóttir** | **Helgi Þ. Jónsson** |
| **Þuríður Erla Sigurgeirsdóttir** | **Ágúst Eiríksson** |
| **Ingunn Sigurgeirsdóttir** | |
| **Svanhvít Sigurgeirsdóttir** | |
| **Kristín Sigurgeirsdóttir** | **Sigfús A. Gunnarsson** |
| **Kristinn Sigurgeirsson** | **Sigfríður R. Bragadóttir** |
| **Guðmundur Sigurgeirsson** | |

**afabörn og langafabörn.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 512 5000.



**MEÐ ÚRVAL ÚR LJÓÐUM HÁKONAR AÐALSTEINSSONAR** Ragnar Ingi Aðalsteinsson, annar tveggja bræðra Hákonar sem ritstýrðu bókinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

HÁKON AÐALSTEINSSON: ÚRVAL LJÓÐA Á PRENTI

# ÚTGÁFUHÓF Í HÁKONARSTOFU

Efnt verður til útgáfuhátíðar á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal í dag í tilefni þess að bókin Fjallaþytur sem inniheldur úrval úr ljóðum Hákonar Aðalsteinssonar er að koma út. Í dag eru liðin 75 ár frá fæðingu Hákonar, en hann lést í mars 2009. Ritstjórar bókarinnar eru bræður Hákonar, Ragnar Ingi og Aðalsteinn Aðalsteinssynir.

Ragnar Ingi segir að hugmyndin að bókinni hafi kviknað áður en Hákon dó. „Hann var þá orðinn veikur og ég fór til hans og stakk upp á þessu við hann, að gefa út úrvalsljóðin hans og hann var spenntur fyrir þessu. Þá reiknuðum við auðvitað með því að hann mundi sjálfur vera viðstaddur þegar bókin kæmi út. Hann hafði greinst með krabbamein en var staðráðinn í að berjast og hafa þetta af en svo var hann bara einn góðan veðurdag farinn. Þá ákváðum við Aðalsteinn að taka þetta verk að okkur og ritstýra bókinni,“ segir Ragnar Ingi og bætir við að það hafi verið skemmtilegt verk.

„Við erum búnir að vera í þessu í vetur og þetta var auðvelt því við gátum gefið okkur tíma til að velja úr. Fyrstu kaflarnir eru með ljóðum úr áður útgefnum bókunum í tímaröð en síðasti kaflinn heitir Héðan og þaðan og þar eru vísur sem sumar hafa birst en aðrar ekki. Það var dálítill vandi að velja þetta, að finna hvað má leggja til hliðar og hvað ekki, og við sátum dálítið yfir því. Þetta var líka svo mikið, hann var náttúrulega búinn að yrkja þvílík lifandis ósköp. Ég veit ekki hvort við höfum endilega valið allt það besta því það er dálítið matsatriði, en við lítum á þetta sem svona sýnishorn af því hvernig skáld hann var og um hvað hann orti. En við reyndum auðvitað að



**HÁKON AÐALSTEINSSON** Skáldið hefði orðið 75 ára í dag.

passa að birta allt það fleygasta og ég er fyrir mitt leyti afar sáttur við þessa bók og finnst hún falleg.“

Ragnar Ingi segir að Hákon hafi byrjað mjög ungur að yrkja. „Ég er náttúrulega fæddur níu árum seinna en hann svo ég hef þetta allt saman eftir sögusögnum. Ein saga var mér sögð af því að hann stakk einhvern tímann upp í eldri bræður sína hastarlega með mjög vel gerðri vísu. Þeir voru eitthvað að stríða honum og hann svaraði svona. Þá var hann ekki nema 12 ára. Hann hefur svo verið orðinn kannski 16 eða 17 ára þegar hann orti vísuna um póstinn sem er í bókinni og ég tel tvímælalaust vera eina af perlum íslenskra bókmennta. Hann var snemma kominn með þetta.“

Hákon hafði einstakt lag á kveðskap að sögn Ragnars Inga. „Hann hafði gríðarlega gott eyra fyrir brag, var feiknarlega vel hagmæltur og hraðkvæður. Hann var líka svo ekta. Hákon var aldrei að setja sig í eitthvert form til þess að vera fyndinn og skemmtilegur. Hann var svona. Hann var með þennan karakter sem var svo léttur og geðgóður og honum fannst lífið allt svo fyndið og skemmtilegt og einhvern veginn var honum þess vegna svo eðlilegt að setja saman svona hnyttinn kveðskap.“

Útgáfuhátíðin hefst í Hákonarstofu klukkan 18.00 í dag. „Það verður eldur í Hákonarstofu og þar verða sagðar sögur og farið með vísur. Ég og Aðalsteinn Hákonarson ætlum að sjá um að þráðurinn detti ekki niður, halda lífi í eldinum og sögunum. Síðan hefst samkoma klukkan 20.00 þar sem ég tala um Hákon og Þórarinn Eldjárn flytur ávarp. Svo verður söngatriði, það verður kynntur diskur sem er að koma út með ljóðum Hákonar og hagyrðingar ætla að fara með eitthvað frá eigin brjósti. Svo reynum við bara að spila þetta eftir eyranu og hafa gaman.“

Ragnar Ingi segist eiga von á að vel verði mætt á útgáfuhátíðina. „Ég hef heyrt af mörgum sem ætla að koma og alveg sunnan úr Reykjavík. Ótrúlega mörgum þótti vænt um Hákon og hann var vinsæll. Menn hafa taugar til kveðskapar hans og hann fór alltof snemma. Ég veit að margir vilja heiðra minningu hans með því að vera með okkur í dag.“

**emilia@frettabladid.is**



**Í VIÐEY** Eyjan skartar sínu fegursta í júlí.

# Útijóga og ganga um Viðey í kvöld

Boðið verður upp á útijóga í Viðey í kvöld svo þriðjudagsganga vikunnar verður með alveg nýju sniði að þessu sinni. Kennari er Ragnheiður Ýr Grétarsdóttir jógakennari. Aukasiglingar eru til eyjarinnar á þriðjudögum klukkan 18.15 og 19.15 en leiðsögnin hefst klukkan 19.30 við Viðeyjarstofu. Nú verður hún að hluta til bundin jóga. Siglt er til baka um klukkan 22.

Í Viðey kemst fólk út úr skarkala dagsins og þó algengast sé að stunda jóga innandyra í þar til gerðum sal er hægt að stunda það hvar sem er og náttúran er tilvalinn staður, ekki síst nú þegar dagur er hvað lengstur. Viðey skartar sínu fegursta í júlí og kaffihúsið í Viðeyjarstofu er opið á þriðjudagskvöldum en aðra daga lokar það kl. 17. Þar er hægt að fá sér léttan kvöldverð og hreyfa sig svolítið og fá sér hressingu áður en haldið er heim á leið.

Ferjutollur er 1.000 krónur fyrir fullorðna, 500 fyrir 6 til 18 ára og frítt er fyrir þau yngstu.

Leiðsögnin og kennslan eru ókeypis og öllum heimilar og allir fá Kristal frá Ölgerðinni til að svala þorstanum.

- gun

---



†

*Okkar ástkæri stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Árnason**

Brúnavegi 9, áður Njörvasundi 34,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju þriðjudaginn 13. júlí kl. 13.00.

**Sigurður Halldórsson** **Sigrún Þorsteinsdóttir**
**Sif Sigurðardóttir** **Rafn Rafnsson**
**Anna Birna Rafnsdóttir**
**Jón Emil Rafnsson**
**Atli Rafnsson**
**Eyþór Rafnsson**

---

†



*Hjartans þakkir fyrir þann hlýhug og vináttu sem okkur hefur verið sýnt við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, sonar og tengdasonar,*

**Sæmundar Hafsteinssonar,**

Brekkubyggð 50, Garðabæ.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki heimahlynningar og líknardeildar Landspítalans fyrir persónulega og hlýja umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Auður Bragadóttir**
**Tryggvi Már Sæmundsson** **Arnbjörg Harðardóttir**
**Bragi Reynir Sæmundsson**
**Ragnheiður Helga Sæmundsdóttir** **Hafsteinn D. Þorsteinsson**
**Hafsteinn Ólafsson**
**Katrín Eyjólfsdóttir**

---



†

*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Unnur Jónsdóttir,**

Hrafnistu í Reykjavík, áður til heimilis að Kleppsvegi 62,

sem lést á hjúkrunardeild Hrafnistu H-1, Reykjavík, fimmtudaginn 8. júlí s.l. verður jarðsungin frá Bústaðakirkju, föstudaginn 16. júlí kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Mæðrastyrksnefnd.

**Birgir Harðarson** **Ingibjörg Björnsdóttir**
**Kristinn Harðarson**
**Matthías Harðarson** **Hrönn Theódórsdóttir**
**Anna Harðardóttir** **Kjartan Nielsen**
**Guðrún Harðardóttir** **Matthías Þórðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Sigríður Árnadóttir,**

Suðurgötu 30, Akranesi,

lést á LSH v. Hringbraut 7. júlí sl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 15. júlí kl. 14.

**Kristján S. Kristjánsson,**
**börn, tengdabörn, ömmubörn og systkini hinnar látnu.**

---



†

*Útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa*

**Sigurbergs Bogasonar**

frá Flatey á Breiðafirði, Kleppsvegi 32, Reykjavík

sem lést 1. júlí sl., fer fram frá Laugarneskirkju, þriðjudaginn 13. júlí nk., kl. 15.00.

**Kristín Guðjónsdóttir**
**Erla Sigurbergsdóttir** **Haukur Már Haraldsson**
**Margrét S. Sigurbergsdóttir** **Þór G. Vestmann Ólafsson**
**Guðjón Sigurbergsson** **Dagmar Svala Runólfsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Arngrímur Pálsson,**

Klettaborg 6, 600 Akureyri,

lést þriðjudaginn 6. júlí á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sigurgeir Arngrímsson** **Kristjana Sóley Aðalbjörnsdóttir**
**Guðrún Elva Arngrímsdóttir** **Sigurður Þorri Sigurðsson**
**Atli Rúnar Arngrímsson** **Eydís Björk Davíðsdóttir**
**barnabörn og langafabarn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---



†

*Elskuleg mágkona og frænka okkar,*

**Magnea Katrín Hannesdóttir**

frá Stóru Sandvík, Stóragerði 36, Reykjavík,

lést sunnudaginn 11. júlí. Útför hennar verður gerð frá Selfosskirkju þriðjudaginn 20. júlí klukkan 13.30.

**Hrefna Gísladóttir,**
**og systkinabörn hinnar látnu.**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, frænka, amma og langamma,*

**Mjöll Þórðardóttir,**

Hverafold 84, 112 Reykjavík,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 8. júlí 2010. Útför fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 16. júlí klukkan 13.00.

**Ólafur Steinar Björnsson.**
**og fjölskylda.**

---



†

*Elskuleg móðir mín, amma og langamma,*

**Heiðbjört Helga Jóhannesdóttir,**

Heiðarbóli 6, Keflavík,

andaðist fimmtudaginn 8. júlí, og verður jarðsungin frá Innri-Njarðvíkurkirkju fimmtudaginn 15. júlí klukkan 14.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á MS-félag Íslands.

**Helga Bára Karlsdóttir**
**börn og barnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Vilhelm Ingvar Andersen,**

Skógarseli 43, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 15. júlí kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er vinsamlegast bent á Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa. Kt. 440692-2069, r 101-26-100905.

**Guðrún Alda Kristinsdóttir**
**Jens Ágúst Andersen**
**Kristín Andersen** **Jóhann Kristjánsson**
**Sigrún Andersen** **Atli Sigurðarson**
**Guðrún Halla Pálsdóttir**
**Alda Elísa Andersen**

---



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór Friðrik Nikulásson,**

Álfheimum 54, Rvk,

sem lést 3. júlí á Landspítalanum í Fossvogi veður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 14. júlí kl. 13.00.

**Lára Guðmundsdóttir**
**Halldóra Halldórsdóttir**
**Ragna Halldórsdóttir**
**Sighvatur Halldórsson** **Soffía Guttormsdóttir**
**barnabörn og langafabarn.**




# Spádómsdýr á stórmótum

**BAKÞANKAR**
**Þórunnar Elísabetar Bogadóttur**

Stjarna heimsmeistaramótsins í knattspyrnu, að minnsta kosti utan vallar, voru ekkert bölvuðu vuvuzela-lúðrarnir eftir allt saman. Þeir féllu algjörlega í skuggann af kolkrabbanum Páli, sem hefur verið daglegur gestur í fjölmiðlum víða um heiminn síðustu vikurnar, eftir því sem leið á mótið. Umræður færðust frá því hversu ótrúlega óþolandi lúðrarnir væru yfir í yfirnáttúrulega spádómsgáfu kolkrabbans. Ekki er víst öll vitleysan eins.



**TRÚ Á** alls kyns spámiðla og spádóma heyrir greinilega ekki til fortíðinni þar sem Páll blessaður sagði var tekið sem óhagganlegum staðreyndum af hinum ýmsu knattspyrnuáhugamönnum og áhugasömum fjárhættuspilurum. Þeir sem treystu á Palla græddu líka helling, hann brást aldrei.

**KOLKRABBINN** Páll hefur nú ákveðið að hætta að spá fyrir um úrslit leikja. Hvernig hann tók þessa ákvörðun, og hvernig hann kom henni á framfæri við umheiminn, er ekki vitað en svona voru fréttirnar nú orðaðar. Forsvarsmenn dýragarðsins tilkynntu sem sagt að hann muni ekki spá meira um ævina, heldur fara aftur í sitt hefðbundna hlutverk sem dýragarðsmeðlimur – að gleðja börn. Þeim láðist hins vegar að minnast á það í sínum barnvænu hugsunum að kolkrabbar eins og Páll lifa yfirleitt ekki mikið lengur en til tveggja ára, en hann hefur einmitt náð þessum aldri og nokkrum mánuðum betur.

**HANN** verður því einfaldlega að öllum líkindum dauður þegar að næsta stórmóti karlalandsliðs Þýskalands kemur.

**ÞÁ OPNAST** gluggi fyrir öll hins spádómsdýrin í heiminum. Heimsmeistaramót kvenna í knattspyrnu verður haldið í heimalandi Páls á næsta ári og við Íslendingar eigum möguleika á því að koma liði að þar, í fyrsta sinn. Það liggur náttúrulega beinast við í öllum okkar landkynningarhugleiðingum að við finnum okkar eigið dýr til að spá fyrir um úrslit stelpnanna okkar.

**HÚSDÝRAGARÐURINN** hlýtur að búa yfir einhverjum dýrum sem gætu verið þessum gáfum gædd. Við þyrftum samt að gera eitthvað öðruvísi en Þjóðverjarnir og sjávardýrin eru líklega úr leik. Þá liggur náttúrulega beinast við að fá annaðhvort sauðkind eða landnámshænu í verkið.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott



## > Stefán tekur peninga fram yfir spilatíma

Landsliðsmaðurinn Stefán Gíslason verður ekki áfram í láni hjá Viking í Noregi frá Bröndby. Hann fer aftur til Danmerkur 1. ágúst. Stefán sagði við dagblaðið Verdens Gang í gær að hann tæki einfaldlega launin fram yfir spilatíma en honum voru boðin of lág laun hjá Viking að hans mati. Því fer hann aftur til Bröndby þar sem hann spilar minna en fær hærri laun. „Peningar eru mikilvægir eins og staðan er í dag, sérstaklega á mínum aldri þegar maður er kominn með fjölskyldu," sagði Stefán við VG.



sport
sport@frettabladid.is

VÍKINGAR ÚR ÓLAFSVÍK KOMUST Í UNDANÚRSLIT VISA-BIKARSINS: UNNU 5-4 SIGUR Á STJÖRNUNNI Í VÍTAKEPPNI

# *Þetta var fótboltaleikur sem bauð upp á allt*

Víkingar urðu í gær fyrsta C-deildarfélagið í sögunni til þess að komast í undanúrslit bikarkeppninnar eftir 5-4 sigur í vítakeppni í ótrúlegum fótboltaleik í Ólafsvík. Þessi leikur bauð upp á allt sem fótboltaleikur gat boðið upp á og dramatíkin var engu lík, bæði í leiknum sjálfum og í vítaspyrnukeppninni.

Einar Hjörleifsson, markvörður Víkinga, var hetja sinna manna með því að verja tvær vítaspyrnur í vítakeppninni, en hinn tvítugi Þorsteinn Már Ragnarsson tryggði Víkingi sigurinn í vítakeppninni.

„Þetta er mögnuð tilfinning og gerist ekki betra. Þetta var fótboltaleikur sem bauð upp á allt. Þetta er svo sætt," sagði Þorsteinn í viðtali á Stöð 2 Sport. „Við héldum haus og héldum áfram. Það er ótrúlegt að 2. deildarlið sé komið í undanúrslit bikarsins," sagði Þorsteinn.

„Ég vil óska Víkingum til hamingju með þetta. Þetta er frábært lið og þeir spiluðu mjög góðan leik í kvöld. Þetta var stórkostlegur bikarleikur og gríðarleg dramatík. Það var líka gríðarlega stór ákvörðun



dómara í vítakeppninni. Dramatíkin var með ólíkindum í lokin," sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar sem var ósáttur með að Þorvaldur Árnason lét Brynjar Gauti Guðjónsson endurtaka vítaspyrnu sína eftir að Bjarni Þórður Halldórsson hafði varið en farið of snemma af stað úr markinu.

Heiðar Atli Emilsson kom Víkingi í 1-0 strax á 10. mínútu og fram eftir leik komust Stjörnumenn lítið áleiðis gegn vinnusömum og baráttuglöðum Ólafsvíkingum. Edin Beslija virtist vera að koma Víkingum í undanúrslitin þegar hann kom liðinu í 2-0 á 86. mínútu en Bjarki Páll Eysteinsson og Ellert Hreinsson náðu að tryggja Garðabæingum framlengingu. Heiðar Atli er í láni frá Stjörnunni alveg eins og Sindri Már Sigurþórsson sem kom Víkingi í 3-2 í framlengingunni en Arnar Már Björgvinsson jafnaði hins vegar leikinn í 3-3 átta mínútum síðar og þannig stóð í leikslok.



**PRINSESSUR** Fyrirliðinn Iker Casillas sýnir prinsessum Spánverja, Leonóru og Sofíu, bikarinn fræga. Faðir þeirra er krónprinsinn Filippus, sonur Jóhanns Karls konungs Spánar. NORDICPHOTOS/AFP

Heimsmeistarar Spánar:

## Konunglegar móttökur heima

**FÓTBOLTI** Heimsmeistararnir sneru aftur til Spánar og fengu konunglegar viðtökur alls staðar sem þeir komu. Spánverjar komu heim í gær og fóru beint úr flugvélinni í „siestu" eða hvíldartíma, áður en þeir hittu konungsfjölskylduna. Hvíldartíminn var nauðsynlegur þar sem leikmenn voru margir hverjir býsna þreyttir eftir hátíðarhöldin eftir að liðið tryggði sér titilinn.

Kóngurinn Jóhann Karl og Sofía drottning héldu veislu til heiðurs liðinu áður en það keyrði um Madrídarborg í opinni rútu. Milljónir manna fögnuðu liðinu á götum úti en rútuferðin endaði uppi á sviði þar sem hátíðarhöld stóðu fram á nótt. Spánverjar hylltu hetjurnar sínar sem tryggðu þjóðinni fyrsta heimsmeistaratitil hennar. - hþh



**LEIÐTOGI** Ólafur Ingi Skúlason fagnar marki með landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Danska liðið SønderjyskE:

## Ólafur Ingi er nýi fyrirliðinn

**FÓTBOLTI** Ólafur Ingi Skúlason er nýi fyrirliðinn hjá danska úrvalsdeildarliðinu SønderjyskE en hann tekur við fyrirliðabandinu af landa sínum Sölva Geir Ottesen sem var keyptur til FC Kaupmannahöfn á dögunum. Þetta er mikil viðurkenning fyrir Ólaf Inga sem hefur aðeins verið í hálft ár hjá félaginu.

„Ef við hefðum valið nýja fyrirliðann eftir því hver hefði verið lengst hjá félaginu þá hefði Ólafur ekki komið til greina. Ólafur hefur hins vegar sýnt það að hann tekur ábyrgð á sjálfum sér og liðinu. Hann fer alltaf fyrir liðinu og drífur samherja sína áfram," sagði Ole Schwennesen, aðstoðarþjálfari SønderyskE. - óój

# Tóku átta mínútur í að slátra Val

**Móðir Hannesar Þórs Halldórssonar getur farið að baka sigurkökur á ný því Framarar eru komnir í undanúrslit VISA-bikarsins eftir fyllilega verðskuldaðan 3-1 sigur á erkifjendum sínum í Val.**

**FÓTBOLTI** Á hreint mögnuðum átta mínútna kafla í upphafi seinni hálfleiks náði Fram að ganga frá Val. Þeir bláklæddu sýndu algjör sambatilþrif á meðan vörn Vals var í molum en spilamennska Hlíðarendaliðsins var algjörlega í takt við undanfarna leiki þess.

„Við vorum mjög vel stemmdir frá fyrstu mínútu. Svo opnuðust flóðgáttir í seinni hálfleik og við keyrðum á þá," sagði Hannes Þór Halldórsson, markvörður Fram. „Við fengum færi í fyrri hálfleik en vorum óheppni."

Hannes bar fyrirliðabandið í fjarveru Kristjáns Haukssonar sem var í banni líkt og Jón Guðni Fjóluson. Hinn ungi Hlynur Atli Magnússon stóð því í hjarta varnarinnar við hlið Jóns Orra Ólafssonar. „Þeir stóðu sig mjög vel. Þegar það vantar menn þá koma næstu menn sterkir inn og það gerðist í dag. Að sama skapi hefur kannski komið upp eitthvað vanmat hjá Völsurum sem vissu að miðverðirnir okkar væru ekki með. Það var því kannski bara fínt að vera án þessara sterku manna í kvöld," sagði Hannes.

„Þetta sýndi okkur það að breiddin er kannski meiri en við héldum. Það er langt síðan við unnum. Mamma hefur beðið lengi með uppskriftina að næstu sigurköku svo hún getur loksins farið að baka aftur."

Framarar voru betri aðilinn allan leikinn í gær en lítið var þó um færi í fyrri hálfleiknum og staðan markalaus að honum loknum. En með mörkunum þremur strax eftir hlé kláruðu þeir leikinn og þó Valsarar hafi náð að minnka muninn virtust þeir aldrei hafa trú á því að þeir gætu komið til baka.



**ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ** Framarar fagna hér sigri á Val í gær en liðið komst einnig í undanúrslitin í fyrra. Fram-liðið vann frábæran sigur þrátt fyrir að leika án lykilmanna á Laugardalsvellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Valsliðið hefur verið að spila illa í síðustu leikjum og leikurinn í gær ákveðið framhald af því.

„Við höfum ekki verið góðir í síðustu leikjum þó við höfum ekki verið að tapa," sagði Reynir Leósson, varnarmaður Vals.

„Við spiluðum mjög vel þegar við mættum Frömurum í deildinni um daginn og náðum þá jafntefli en betra liðið vann tvímælalaust í þessari viðureign. Við mættum ekki tilbúnir í seinni hálfleikinn og þeir voru miklu grimmari og ákveðnari. Þegar við mætum því ekki eigum við ekki skilið að fara áfram í bikarkeppninni."

Eftir skellinn í síðasta leik risu Framarar heldur betur upp í gær og sýndu sparihliðarnar. Fram er einum leik frá bikarúrslitaleiknum. Þangað komst liðið í fyrra en beið þá lægri hlut fyrir Breiðabliki. „Þessi úrslitaleikur frá því í fyrra dúkkar enn reglulega upp í martröðum mínum. Það er gaman að taka þátt í bikarúrslitaleikjum og við tjöldum öllu til svo við náum að lyfta dollunni sem við misstum af í fyrra," sagði Hannes. **elvargeir@frettabladid.is**

### 8 LIÐA ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| Fram-Valur | 3-1 |
| 1-0 Halldór Hermann Jónsson (50.), 2-0 Tómas Leifsson (55.), 3-0 Joseph Tillen (58.), 3-1 Rúnar Már Sigurjónsson (66.) | |
| KR-Þróttur | 3-2 |
| 1-0 Baldur Sigurðsson (11.), 2-0 Björgólfur Takefusa, víti (31.), 3-0 Baldur (73.), 3-1 Andrés Vilhjálmsson (87.), 3-2 Muamer Sadikovic (90.) | |
| Víkingur Ó.-Stjarnan | x-x |
| 1-0 Heiðar Atli Emilsson (10.), 2-0 Edin Beslija (86.), 2-1 Bjarki Páll Eysteinsson (89.), 2-2 Ellert Hreinsson (90.+1), 3-2 Sindri Már Sigurþórsson (92.), 3-3 Arnar Már Björgvinsson (100.). Víkingur vann 5-4 í vítakeppni. | |

**Það verður dregið** í undanúrslit í VISA-bikar karla og kvenna í dag. Í karlapottinum eru FH, KR, Fram og Víkingur Ólafsvík en Valur, Stjarnan, Þór/KA og ÍBV eru í kvennapottinum.

Þróttarar skoruðu tvö í uppbótartíma og vörðu svo sjálfir á línu í KR-markinu en KR fór í undanúrslitin:

# Endurkoma Þróttaranna hófst of seint

**FÓTBOLTI** Þróttarar voru nálægt því að tryggja sér framlengingu gegn KR í Vesturbænum í gær en þeirra eigin leikmaður varði á línu andstæðingana í uppbótartíma. Lokatölur voru 3-2 sigur KR sem hefði átt að vera löngu búið að gera út um leikinn.

KR-ingar hófu stórsókn á fyrstu mínútu og henni lauk með tveimur mörkum í fyrri hálfleik. Þróttarar voru eðlilega mjög varkárir og reyndu að sækja hratt og nýta sér föst leikatriði. Það gekk ekki upp.

Bjarni Guðjónsson og Óskar Örn Hauksson stýrðu miðjunni mjög vel og opnuðu vörn Þróttar hvað eftir annað. Þeir voru duglegir að finna Gunnar Kristjánsson sem var öflugur á vinstri kantinum og Guðmund Reyni Gunnarsson sem hjálpaði honum vel.

Gunnar lagði upp fyrsta markið fyrir Baldur Sigurðsson eftir fínan sprett. Vel klárað hjá Smalanum sem lék framarlega á miðjunni. Birkir Pálsson ýtti svo Baldri skömmu seinna þegar hann var kominn einn í gegn og fékk á sig víti og rautt spjald. Réttur dómur þar á ferð. Björgólfur Takefusa skoraði örugglega úr vítinu.

Baldur skoraði svo aftur í seinni hálfleik, keimlíkt fyrra markinu, nú eftir sendingu frá Guðmundu og flestir héldu að úrslitin væru



**ÚRSLITIN RÁÐAST?** Þróttarinn Birkir Pálsson brýtur hér á Baldri Sigurðssyni en hann fékk að launum rautt spjald og KR komst í 2-0 með marki úr vítinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ráðin í stöðunni 3-0.

En Þróttarar minnkuðu muninn á lokasekúndum leiksins. Fyrst skoraði Andrés Vilhjálmsson gott skallamark eftir sendingu frá Muamer Sadikovic sem skoraði svo í uppbótartíma með skalla eftir horn. Þróttarar vörðu svo á línu KR með síðasta skoti leiksins.

Endurkoma Þróttar hófst alltof seint en manni færri var þetta erfiður leikur fyrir liðið.

KR-ingar voru hættir undir lokin og voru stálheppnir að tryggja sér sæti í undanúrslitum, þriðja árið í röð. Þeir hefðu átt að nýta færin sín miklu betur en þeir gerðu.

„Við hefðum mátt byrja aðeins fyrr að skora," sagði Hallur Hallsson, fyrirliði Þróttar. „Við hleyptum þessu upp í allskonar fjör undir restina og erum stoltir af því. Við ætluðum að vera þéttir fyrir og nota hröð upphlaup en það riðlaðist þegar við misstum mann af velli. Þetta voru mikil hlaup og menn áttu ekki mikla orku eftir fyrr en við skoruðum. Þetta var ansi tæpt," sagði Hallur.

Baldur viðurkenndi að liðið hefði einfaldlega hætt. „Ég er sáttur við frammistöðuna, það er gott að skora snemma en við vorum stálheppnir að missa þetta ekki niður í framlengingu. Þetta er eðlileg skýring, það er mikið leikjaálag núna og þetta var nálægt því að koma í bakið á okkur. Undir eðlilegum kringumstæðum átti þetta að vera búið," sagði Baldur sem var ánægður með eigin frammistöðu. „Það er gaman að skora og alltof langt síðan ég fiskaði víti. Óskar kom á miðjuna og hann er ekki jafn mikið að fara inn í teiginn eins og Viktor Bjarki og ég nýtti mér það og fór meira fram. En ég var eins og aðrir hættur undir lokin, ég viðurkenni það," sagði Baldur sem var greinilega létt. - hþh

NÝTT Í BÍÓ!













SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KNIGHT AND DAY LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KILLERS | kl. 3.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| THE A-TEAM | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KILLERS | kl. 5.45 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.40 -10.20 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 6 - 8 - 10.10 | 12 |
| KILLERS | kl. 8 - 10 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio



NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus










TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar dagsins.







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | 3.40, 5.50, 8 og 10.10 P | 12 |
| KILLERS | 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| GROWN UPS | 5.50 og 8 | 10 |
| A - TEAM | 10.10 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |



SAMBÍÓIN










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| TWILIGHT SAGA | kl. 3:20 - 6 - 8 - 8:30 - 10:40 - 11 | VIP |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 3:20 - 6 - 9:20 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 10:20 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 5:40 - 8 | 10 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D M/ ísl. Tali | kl. 5:40 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 - 10:35 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 8:10 - 10:30 | 14 |
| TWILIGHT SAGA | kl. 5:30 - 8 - 8:20 - 10:40 - 11 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3-3D ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| THE A TEAM | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:20 | 16 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 600*

*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR


# Pamela hræðist bótox

Fyrirsætan, leikkonan og athafnakonan Pamela Anderson segist aldrei hafa notað yngingarmeðalið bótox og að henni sé í raun illa við það. Pamela, sem hefur ávallt verið ófeimin við að viðra sínar jákvæðu skoðanir á fegrunaraðgerðum, segist ekki vilja sprauta neinu í andlitið á sér. Þykir þessi ákvörðun Anderson koma ansi spánskt fyrir sjónir þar sem hún hefur látið stækka brjóst sín nokkrum sinnum og hefur meðal annars látið hafa það eftir sér í viðtölum að brjóst hennar hafi átt farsælan starfsferil á meðan hún hafi bara fylgt með. „Um leið og brjóstin fara að vísa niður mun ég og minn ferill fara sömu leið,“ hefur Baywatch-stjarnan sagt.

Pamela hefur vakið mikla athygli í Bandaríkjunum undanfarið í kjölfarið á þátttöku hennar í raunveruleikaþáttunum Dancing with the Stars. Þótti Pamela standa sig vel í þáttunum og endaði í topp sex og flýgur nú um allan heim til að taka þátt í sjónvarpsþáttum um dans.



**ENGAR YNGINGARMEÐFERÐIR** Pamela Anderson vill eldast náttúrulega.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Kvikmynd um ævintýraför Thors Vilhjálms frumsýnd

**Thor Vilhjálmsson gekk um 800 kílómetra til Santiago de Compostela á Spáni árið 2005. Ferðin var kvikmynduð og verður myndin, sem er í fimm hlutum, frumsýnd á næstunni. Thor lenti í ýmsu á ferðalaginu og var ráðlagt að vera með göngustaf til að berja frá sér villihunda.**



**JAXL** Thor Vilhjálmsson á Spáni í pílagrímsförinni miklu.

„Þetta var svakalegt átak, að berjast við þreytuna og við í tökuliðinu að berjast fyrir okkar hlutum,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Erlendur Sveinsson.

Thor Vilhjálmsson skáld fór í pílagrímsgöngu árið 2005 til Santiago de Compostela á Spáni. Erlendur og tökulið hans fylgdu Thor um 800 kílómetra leið og verður kvikmynd um förina gefin út í fimm hlutum. Myndin verður frumsýnd í Teatro Principal í hjarta Santiagoborgar 29. júlí og frumsýningar á Íslandi eru fyrirhugaðar í kvikmyndahúsi í haust og fram eftir vetri.

Erlendur segir ferðina hafa verið mikla ævintýraför, enda leiðin gríðarlega löng og erfið. „Það var allur þremillinn sem kom upp á,“ segir hann. „Þetta var ekki eins og að drekka vatn. Það var endalaust mótlæti. Maður var með hugmyndir um að ná ákveðnum hlutum og það var ekki alltaf hægt.“

Myndin er að sögn Erlendar á mörkum heimildarmyndar og leikinnar myndar. Hann bætir þó við að raunverulegar hættur hafi skapast og að Thor hafi til að mynda veikst í ferðinni. „Það er reyndar ekki í fyrsta hlutanum, en hann veiktist í ferðinni,“ segir Erlendur. „Það var krítískt fyrir okkur, við vorum stopp og skáldið í rúminu. Við kölluðum á sjúkrabíl og það kom heilt gengi af mönnum í sæluhúsið til okkar. Við fundum út að hann myndi jafna sig. Og hann reis upp.“

> Hann veiktist í ferðinni. Það var krítískt fyrir okkur, við vorum stopp og skáldið í rúminu. Við kölluðum á sjúkrabíl og það kom heilt gengi af mönnum í sæluhúsið til okkar. Við fundum út að hann myndi jafna sig. Og hann reis upp.
>
> **ERLENDUR SVEINSSON**
> KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR

Villihundar eru líka stórhættulegir á svæðinu. Þegar rithöfundurinn Paulo Coelho fór sömu leið sneri hann til baka vegna hundsbits. Þá var hann staddur í bænum þar sem Thor var sem veikastur. Coelho skrifaði Alkemistann, en Thor þýddi hana á Íslensku.

Réðust hundar á Thor?

„Hundar ógnuðu honum. Enda fékk hann það ráð áður en hann lagði af stað frá séra Jakobi Roland í Landakotskirkju að fá sér göngustaf til að geta barið frá sér.“

**atlifannar@frettabladid.is**



**FEÐGAR** Feðgarnir Herbert Guðmundsson og Svanur Herbertsson hafa sent frá sér lagið Time.

# Feðgar með nýtt lag

Feðgarnir Herbert Guðmundsson og Svanur Herbertsson, sem kalla sig Herbertson, hafa sent frá sér lagið Time. Það er fyrsta lagið af væntanlegri plötu þeirra sem er væntanleg með haustinu. Á meðal þeirra sem koma við sögu á plötunni eru Gunnlaugur Briem, Stefán Magnússon, Tryggvi Hübner og Haraldur Þorsteinsson. Í bakröddum eru reynsluboltarnir Magnús og Jóhann. Útsetningar eru í höndum Herberts og Svans, sem leikur einnig á píanó og hljómborð, ásamt því að semja lögin með föður sínum. Svanur var nýverið kjörinn besti söngvari Músíktilrauna 2010 með tvíeykinu Feeling Blue. Herbert gaf síðast út plötuna Spegill sálarinnar fyrir jólin 2008 þar sem Svanur og bróðir hans Guðmundur spiluðu undir.

# Teiknimynd í efsta sætið

**Teiknimyndin Despicable Me fór beint í efsta sætið yfir vinsælustu myndirnar vestanhafs um síðustu helgi. Myndin þénaði rúmar sextíu milljónir dollara, eða um 7,5 milljarða króna, og sló vampírumyndina The Twilight Saga: Eclipse af toppnum. Í öðru sæti var hasarmyndin Predators.**

**Despicable Me er fyrsta þrívíddarteiknimyndin sem kvikmyndaverið Universal Pictures framleiðir. Hún fékk tvöfalt meiri aðsókn en Universal hafði reiknað með. Steve Carell, Jason Segel, Russell Brand og Julie Andrews tala inn á myndina.**



**DESPICABLE ME** Teiknimyndin fór beint í efsta sætið yfir vinsælustu myndirnar vestanhafs.

# Með giftum manni


FANN ÁSTINA Á NÝ Jessica Simpson mun hafa kolfallið fyrir hinum gifta Eric Johnson. FRÉTTABLAÐIÐ/WIREIMAGES

Söngkonan Jessica Simpson hefur undanfarnar vikur sést í félagsskap fyrrum fótboltastjörnunnar Erics Johnson. Parið sást nýverið leiðast á túristaeyjunni Capri á Ítalíu og gera fjölmiðlar mikið veður út af þessu þar sem Johnson er tæknilega séð giftur maður. Hann sótti um skilnað frá eiginkonu sinni fyrr á þessu ári en sá skilnaður er ekki genginn í gegn. Simpson mun hafa fallið fyrir kappanum í vor og er sögð ástfangin á ný.

Simpson hefur verið orðuð við fjöldann allan af stjörnum í Hollywood frá því að hún skildi við söngvarann Nick Lachey en parið gerði heimildarþætti um hjónaband sitt sem vöktu mikla athygli. Ferill söngkonunnar hefur ekki gengið sem skyldi og 2008 gaf hún út kántríplötu sem fékk slakar viðtökur.


LADY GAGA Hélt tónleika í miðri Rockefeller Center-húsaþyrpingunni.

# Fríir tónleikar úti á götu stöðva umferð

Lady Gaga stöðvaði alla umferð í New York síðastliðinn föstudag þegar meira en 20.000 aðdáendur söngkonunnar troðfylltu göturnar til að sjá ókeypis tónleika hennar í rigningunni.

Tónleikarnir voru liður í morgunþættinum The Today Show´s Summer Concert Series og lék Lady Gaga lög á borð við Bad Romance og nýjasta lagið sitt, Alejandro. Gaga gladdi einnig aðdáendur sína með flutningi á nýju lagi sem ber heitið You and I, sem hún flutti uppi á flygli í miðri húsaþyrpingu Rockefeller Center, þegar himnarnir opnuðust og rigningin féll til jarðar.

Söngkonan endaði tónleikana með því að þakka áhorfendum fyrir að hafa staðið þarna í regninu og kvaddi með orðunum: „Takk fyrir að láta drauma mína rætast. Rigni hann bara!“

Aðdáendur settu upp búðir þar sem tónleikarnir voru daginn áður í þeirri von að geta verið á góðum stað á tónleikunum. Gaga launaði aðdáendum sínum hollustu þeirra við sig með því að láta færa þeim pitsu og vatnsflösku sem orkugjafa eftir að hafa eytt nótt á götunni.

Á Twitter-síðu sinni sagði söngkonan: „Litlu skrímslin mín hafa nú þegar sett upp búðir fyrir utan tónleikastaðinn! Ég elska ykkur! Kem til með að senda ykkur pitsu og vatn í allan dag!“

Þegar kvöld tók að nálgast bætti hún við: „Þúsund dýrmæt lítil skrímsli eru sofandi við tónleikastaðinn. Megi NY vaka yfir ykkur, og megið þið sofa undir stjörnunum. Amen.“

# Beverly Hills stjarna aftur á skjáinn

Leikarinn Brian Austin Green sem flestir kannast við úr bandarísku sápunni Beverly Hills 91210, hefur nú fengið gestahlutverk í nýjustu seríunni af Desperate Housewives eða Aðþrengdum eiginkonum.

Leikarinn hefur ekki mikið sést á skjánum síðan unglingasápan var upp á sitt besta á tíunda áratugnum en hefur komist aftur í fréttirnar nýlega eftir að hann tók saman við leikkonuna Megan Fox. Þau gengu einmitt í það heilaga fyrir stuttu og hann þarf því ekki bara að kljást við eiginkonur í vinnunni. Ný sería af Aðþrengdum eiginkonum er væntanleg í Bandaríkjum í haust.


BRIAN AUSTIN GREEN Fékk gestahlutverk í nýju seríunni af Aðþrengdum eiginkonum sem er væntanleg í haust.




## > Mary McCormack

„Eitt það skrítnasta við sjónvarpið, sem sumir leikarar eru ekki ánægðir með en ég hef gaman af, er að þú veist aldrei í hvaða átt þú ert að fara. Þú veist aldrei hvað handritshöfundinum dettur næst í hug.“

***Mary McCormack leikur aðalhlutverkið í sjónvarpsþættinum In Plain Sight sem er sýndur á Skjá einum í kvöld klukkan 21.50.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ROALD VIÐAR EYVINDSSON DÝRKAR ÞJÁLFARA KLAPPSTÝRULIÐSINS Í GLEE

# *Hin dásamlega illkvittna Sue Sylvester*



„Börn þarf að hræða. Ótti er börnum jafn nauðsynlegur og móðurmjólkin. Án ótta vaxa beinin í þeim ekki.“ Þetta er aðeins eitt af mörgum sprengihlægilegum gullkornum Sue Sylvester, þjálfara klappstýruliðsins við William McKinley menntaskóla og erkióvinar lúðanna í Glee-klúbbnum, í sjónvarpsþáttunum Glee sem sýndir eru á Stöð 2.

Sue Sylvester er að mati undirritaðs ein skemmtilegasta persóna sem hefur lengi sést í sjónvarpi og skipar sér hæglega á bekk með illfyglum á borð við Alexis Carrington, Amöndu Woodward og J.R. Ewing, enda bæði einstaklega vel skrifuð persóna af hálfu höfunda Glee, þeirra Ryans Murphy, Brads Falchuk og Ians Brennan Jog, og leikin af Jane Lynch, sem fer á kostum í hlutverki hinnar dásamlega illkvittnu Sue, sem er þó með hjartað á réttum stað eins og kemur smám saman í ljós.

Lynch hefur um nokkurt skeið verið í miklu uppáhaldi hjá undirrituðum, eða allt frá því að hún fór á kostum í hlutverki hundaþjálfarans og trukkalesbíunnar Christy Cummings í grínmyndinni Best in the Show og svo aftur sem kjaftfor og klámfenginn verslunarstjóri í The 40 Year Old Virgin. Hins vegar hefur undirrituðum þótt leiðinlegt að þessi hæfileikaríka leikkona skuli ekki hafa fengið að njóta sín sem skyldi í gegnum tíðina, sjálfsagt vegna þess að hún fellur ekki undir þær stöðluðu fegurðarímyndir sem Hollywood heldur á lofti.

Með hlutverki Sue gefst Lynch loks færi á að sýna hvað í henni býr þar sem hún hreinlega stelur hverri senunni af annarri með meinfýsnum skotum og óaðfinnanlegum leik. Höfundar Glee sjá sjálfsagt ekki eftir því að hafa stækkað hlutverk persónu Sue Sylvester, sem átti upphaflega að vera í litlu hlutverki, því klappstýruþjálfarinn óforskammaði á vafalaust sinn þátt í að skapa seríunni þær miklu og óvæntu vinsældir sem hún hefur náð á undanförnum mánuðum.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **22.05 Forgetting Sarah Marshall** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.45 King of Queens** SKJÁR EINN



▶ **21.45 Glee** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.35 Daily Show** STÖÐ 2



▶ **20.25 Krónprinsessan og kóngsríkið** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.20 Stiklur - Handafl og vatnsafl (e)**
**17.00 Íslenski boltinn (e)**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Múmínálfarnir**
**18.30 Jimmy Tvískór (13:13)**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Að duga eða drepast (9:20)** (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
▶**20.25 Krónprinsessan og kóngsríkið (1:2)** (Kronprinsessan och kungariget) Heimildarmynd í tveimur hlutum um Viktoríu krónprinsessu Svía.
**21.30 Trúður (4:10)** (Klovn IV) (e)
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Taggart – Illar hvatir** (Taggart: Safer) Skoskir sakamálaþættir þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Popppunktur** (Hellvar - Breiðbandið) (e)
**00.05 Fréttir**
**00.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Einu sinni var** (20:22)
**10.55 Numbers** (22:23)
**11.45 Wipeout** (9:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Banger Sisters**
**14.30 Worst Week** (13:16)
**15.00 Sjáðu**
**15.25 Risaeðlugarðurinn**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2** Ben 10, Strumparnir, Þorlákur
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (6:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.09 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (10:24)
**19.40 How I Met Your Mother** (8:22)
**20.05 How I Met Your Mother** (21:24)
**20.30 Modern Family** (24:24)
**20.55 Cougar Town** (5:24)
**21.20 Bones** (22:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance „Bones“ Brennan.
**22.05 Gavin and Stacy** (1:7) Önnur þáttaröðin af þessari bresku gamanþáttaröð og sem áður er rómantíkin er allsráðandi.
▶**22.35 Daily Show. Global Edition**
**23.00 Katie Morgan On Sex Toys** Djarfur heimildarþáttur frá HBO. Þátturinn er stranglega bannaður börnum og ekki fyrir viðkvæma.
**23.30 Mercy** (11:22)
**00.15 Gossip Girl** (15:22)
**01.00 Ghost Whisperer** (21:23)
**01.45 True Blood** (3:12)
**02.40 The Banger Sisters**
**04.15 A Touch of Spice** Grísk:tyrknesk verðlaunamynd.
**06.00 Cougar Town** (5:24)

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.05 Dying Young**
**10.00 Happy Gilmore**
**12.00 The Simpsons Movie**
**14.00 Dying Young**
**16.00 Happy Gilmore**
**18.00 The Simpsons Movie**
**20.00 The Kite Runner**
▶**22.05 Forgetting Sarah Marshall**
**00.00 Next**
**02.00 Snow 2: Brain Freeze**
**04.00 Forgetting Sarah Marshall**
**06.00 Stakeout**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07:00 Víkingur Ó - Stjarnan** Sýnt frá leik Víkings í Ólafsvík og Stjörnunnar í 8 liða úrslitum VISA bikars karla í knattspyrnu.
**18:00 Víkingur Ó - Stjarnan** Sýnt frá leik Víkings í Ólafsvíkur og Stjörnunnar í 8 liða úrslitum VISA bikars karla í knattspyrnu.
**19:50 Visa-mörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum kvöldsins í VISA bikar karla.
**20:35 Liverpool - Reading** Útsending frá leik Liverpool og Reading í enska bikarnum.
**22:20 John Deere Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**23:15 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**17.30HM 2010** Útsending frá leik Þýskalands og Astralíu á HM 2010.
**19.20HM 2010** Útsending frá leik Spánar og Sviss á HM 2010.
**21.15HM 2010** Útsending frá leik Argentínu og Suður Kóreu á HM 2010.
**23.05HM 2010** Útsending frá leik Frakklands og Mexíko á HM 2010.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil (e)**
**08.45 Rachael Ray (e)**
**09.30 Óstöðvandi tónlist**
**15.10 Real Housewives of Orange County (1:15) (e)**
**15.55 90210 (20:22) (e)**
**16.40 Rachael Ray**
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Matarklúbburinn (5:6) (e)**
**18.35 Girlfriends (12:22) (e)**
**18.55 H2O (17:26)** Skemmtileg unglingaþáttaröð um þrjár sextán ára stelpur sem hugsa um fátt annað en föt, ströndina og stráka. En dag einn festast þær í dularfullum helli og líf þeirra breytist að eilífu.
**19.20 America's Funniest Home Videos (15:46)**
▶**19.45 King of Queens (6:23)**
**20.10 Survivor (8:16)** Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.
**21.00 Eureka (9:18)** Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ þar sem helstu snillingum heims verið safnað saman.
**21.50 In Plain Sight (4:15)** Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina. Vitni sem Mary á að vernda festist í byggingu sem er að hrynja eftir að hafa unnið hetjudáð. Myndir af honum birtast í sjónvarpi og óvinir hans eru fljótir á vettvang.
**22.35 Jay Leno**
**23.20 CSI (20:23) (e)**
**00.10 Three Rivers (6:13) (e)**
**00.55 King of Queens (6:23) (e)**
**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**20.30 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi**
**22.00 Hrafnaþing**
**22.30 Hrafnaþing**
**23.00 Græðlingur**
**23.30 Tryggvi Þór á Alþingi**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# „Útilega“

Notaðu öfluga og ókeypis leit á Vísi til að finna allt sem þú þarft að vita um útilegur, tjöld, svefnpoka, vindsængur, prímusa, kassagítara, grillsósur – eða bara eitthvað allt annað. Leitaðu að efni úr Fréttablaðinu og af Vísi. Það eina sem þarf er leitarorð. **Vísir er með það.**




**vísir.is**
**...ég sá það á Vísi**

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.30**

### Modern Family



Sprenghlægilegur gamanþáttur sem segir frá þremur úthverfafjölskyldum sem eru hver annarri furðulegri. Þátturinn var nýlega tilnefndur til Emmy-verðlauna sem besti gamanþátturinn og er hann vel að heiðrinum kominn.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Taggart - Illar hvatir**
**Sjónvarpið kl. 22.20**



Þátturinn Taggart – Illar hvatir fjallar um stofnanda Safer-samtakanna sem berjast gegn heimilisofbeldi. Hún er myrt eftir að hafa haldið fyrirlestur um ofbeldi gegn konum. Burke og félagar í rannsóknarlögreglunni í Glasgow rannsaka málið, þar sem lögreglumaðurinn Ross kemur mikið við sögu. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tónlist fólksins
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**13.00** Flakk
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**19.00** Stefnumót
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Fnykur
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Ally McBeal** (15:22) Ally leggst í sjálfsskoðun eftir að hafa boðið Victori á stefnumót. Fish, Raymond og Clair reka mál konu sem þarfnast líffæragjafar frá föður sínum sem situr inni fyrir að hafa myrt móður hennar.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.45 Glee** (19:22) Frábær gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.

**22.30 So You Think You Can Dance** (6:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins 11 bestu dansararnir eru eftir í keppninni. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar að sér til að eiga möguleika á að halda áfram.

**23.55 So You Think You Can Dance** (7:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að sigra þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.

**00.40 Torchwood** (3:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa þau.

**01.30 Ally McBeal** (15:22)

**02.15 The Doctors**

**03.00 Sjáðu**

**03.30 Fréttir Stöðvar 2**

**04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.25** Only Fools and Horses **12.55** Only Fools and Horses **13.25** My Family **13.55** My Family **14.25** After You've Gone **14.55** After You've Gone **15.25** Dalziel and Pascoe **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** After You've Gone **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Grownups **19.00** Two Pints of Lager **19.30** Mistresses **20.20** Grownups **20.50** The Weakest Link **21.35** After You've Gone **22.05** Whose Line Is It Anyway? **22.35** Grownups **23.05** Two Pints of Lager **23.35** Mistresses

## DR 1

**12.00** Verdens vildeste o **12.30** By på Skrump **13.00** Sommertid **13.30** Ønskehaven **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Lille Nørd **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** By på Skrump **17.30** Ønskehaven **18.00** Det sode liv **18.30** Drommehaver **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2010 **20.00** Vilde roser **20.45** Himlen over Montana **22.15** Redningstjenesten på vej **22.45** Naruto Uncut **23.10** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommertid **12.50** Smaken av Danmark **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Dallas **15.30** E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **18.00** En livskraftig planet **18.50** Extra-trekning **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Pinlige sykdommer **21.05** Kveldsnytt **21.20** Hva skjedde med ekteparet Delany? **22.30** Damenes detektivbyrå nr. 1 **23.25** Svisj gull

## SVT 1

**12.20** Lång-Lasse i Delsbo **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Om Stig Petrés hemlighet **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Engelska Antikrundan **17.15** K-märkt form **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.30** Grizzly man **22.10** Mysterious skin **23.55** Minnenas television




## SUMARFRÍIÐ



*New York fær heimsókn frá mér í sumar. Það er besta borg í heimi fyrir utan Reykjavík.*

Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi.

# Beinir sviðsljósinu að London

„Þetta býður upp á marga möguleika, bæði að túra með hljómsveitum og að vinna í stórum leikhúsum,“ segir Einar Ingi Jóhannesson sem er á leiðinni til London í haust til að læra ljósahönnun fyrir leikhús.

Hann er einn af fremstu ljósamönnum landsins og hefur verið duglegur að beina sviðsljósinu að íslenskum og erlendum tónlistarmönnum í gegnum árin, m.a. á Iceland Airwaves-hátíðinni. Núna vill hann víkka sjóndeildarhring sinn. „Ég er búinn að vinna mjög lengi í þessum bransa og hef alltaf ætlað að fara út. Mér hefur ekki gefist færi til þess fyrr en núna,“ segir Einar Ingi, sem er 27 ára.

Námið heitir Theater Lightning Design og fer fram í hinum virta skóla Central School Of Speach and Drama. Um þriggja ára BA-nám er að ræða og kostar það skildinginn, eða um þrjár milljónir á ári.

„Þetta er alveg rándýrt og þetta er ekki ódýrasti staðurinn til að búa á heldur en ég fæ eitthvað upp í skólagjöldin á námslánunum,“ segir Einar og bætir við: „Maður væri ekki að gera þetta nema maður ætli að gera þetta af alvöru. Það þýðir ekkert að fara út til að klúðra þessu.“

Einar segir að ljósamennska sé það skemmtilegasta sem hann geri. „Þú færð útrás fyrir að vera svolítið skapandi,“ segir hann um starfið. „Það er líka gaman að geta hjálpað góðum böndum að koma sínu til skila.

Það er eins með leikhúsin, að hjálpa til að koma skilaboðunum til skila. Eins og á tónleikum þá er ómetanlegt að slökkva húsljósin og þá tryllist allt.

Þetta er ákveðið adrenalínkikk líka og sumir í þessu eru stjórnunar-„frík“,“ segir hann en gefur ekkert upp hvort hann sé í þeirra röðum eður ei. - fb



**LJÓSAMAÐUR TIL LONDON** Einar Ingi Jóhannesson er á leiðinni til London í haust til að læra ljósahönnun.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** dægurs, 6. pfn., 8. gapa, 9. gogg, 11. þófi, 12. þótti, 14. mont, 16. bókstafur, 17. húsfreyja, 18. stefna, 20. utan, 21. korn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** umdæmis, 3. frá, 4. garðplöntutegund, 5. andi, 7. tilgáta, 10. aur, 13. mærð, 15. klasi, 16. óhreinindi, 19. golf áhald.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. dags, 6. ég, 8. flá, 9. nef, 11. il, 12. stolt, 14. grobb, 16. ká, 17. frú, 18. átt, 20. án, 21. maís.
**LÓÐRÉTT:** 1. léns, 3. af, 4. glitbrá, 5. sál, 7. getgáta, 10. for, 13. lof, 15. búnt, 16. kám, 19. tí.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 740 kíló.
2. Árið 1995.
3. Fimmtán.


BRÚÐUHEIMAR
Opið í Borgarnesi alla daga frá 10:00 til 22:00



LEIKSÝNING
á sunnudaginn kl 14:00
Leikbrúðusafn - Brúðuleikhús
Veitingar - Gjafavara
www.bruduheimar.is
Sími 530 5000
BRÚÐUHEIMAR Center for Puppetry Arts

vísir.is
„...ég sá það á vísi“


HAFFI HAFF: VIL GERA HLUTINA Á EIGIN FORSENDUM

# Valli Sport hættur sem umboðsmaður Haffa Haff

„Þetta er mjög persónulegt mál fyrir mig því mér þykir mjög vænt um Valla. Við störfum enn saman en við höfðum bara mismunandi hugmyndir um framtíðina,“ segir tónlistarmaðurinn Haffi Haff.

Valli Sport er hættur sem umboðsmaður Haffa eftir tveggja og hálfs árs samstarf. Engin leiðindi voru að baki þessum tímamótum heldur hafði Valli einfaldlega ekki tíma lengur til að sinna ört vaxandi ferli Haffa. „Hann hefur fullt af öðrum verkefnum og ég er líka að stefna á nýja hluti,“ segir Haffi. „Fólk áttar sig kannski ekki á því en ég kann sitthvað fyrir mér í viðskiptum og mér finnst mikilvægt núna að taka ábyrgð á sjálfum mér. Ég vil ekki vera byrði á fólki og halda neinum niðri. Ég vil taka ábyrgð og gera hlutina á eigin forsendum. Mig langar að skapa minn eigin heim.“

Haffi hefur keypt fyrsta upplagið af nýjustu plötu sinni Freak af útgáfufyrirtækinu Hands Up Music, sem Valli er hluthafi í, auk útgáfuréttarins. Hann ætlar að gefa plötuna út sjálfur og býst ekki við því að fá sér annan umboðsmann í bráð. „Ég hef sannað fyrir sjálfum mér að ég get ráðið við ýmsa hluti. Það er líka meira gefandi að vita að þú hefur gert eitthvað nýtt, sem þú hefðir fyrirfram haldið að þú gætir ekki.“

Fyrstu tónleikar Haffa án aðstoðar Valla verða með Páli Óskari á Nasa á miðnætti á laugardagskvöld þar sem öllu verður tjaldað til.

Valla þykir leitt að samstarfið sé á enda runnið. „Það er búið að vera mjög gaman að vinna með honum en einhvern tímann verður allt að taka enda. Hann er farinn að þurfa það mikinn tíma og ég er ekki í aðstöðu til að veita hann,“ segir Valli um Haffa.



**LEIÐIR SKILJA**
Leiðir **Haffa Haff** og **Valla Sport** skilja nú eftir tveggja og hálfs árs samstarf. Haffi ætlar ekki að ráða nýjan umboðsmann.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Valli Sport er einn af atkvæðamestu umboðsmönnum landsins, enda er hann með á sinni könnu Eurovision-stjörnuna Heru Björk, hljómsveitina Elektru og þau Írisi Hólm og Brynjar Má. Hann vakti síðast athygli fyrir vasklega framgöngu í Eurovision-keppninni þegar hann lét þekkta erlenda fjölmiðla bíða í röðum eftir því að ná tali af Heru Björk, sem hafði að vonum í heilmiklu að snúast við undirbúninginn.

„Aðalvinnan mín er að reka auglýsingastofu og eins og þetta var orðið þá var þetta of mikið til að ég gæti sinnt því almennilega. Hann er líka mjög sjálfstæður karakter sem er búinn að breytast og þroskast mikið síðan ég byrjaði að vinna með honum. Hann er farinn að geta séð um fullt af hlutum sem ég sá um þegar ég byrjaði að vinna með honum. Þannig að þetta hentar báðum aðilum mjög vel.“

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Landsliðsmaðurinn í fótbolta **Heiðar Helguson** bar sigur úr býtum í tippkeppni Venediktssonsamsteypunnar sem var haldin í kringum HM-keppnina. Í öðru sæti varð Keflvíkingurinn Haukur Ingi Guðnason og í því þriðja varð Rúrik Gíslason, leikmaður danska úrvalsdeildarliðsins OB. Í sigurlaun fékk Heiðar 150 þúsund krónur. Fjöldi fagmanna tengdur fótboltaheiminum tók þátt í keppninni, sem kempurnar Sigurvin Ólafsson og Guðmundur Benediktsson stjórnuðu, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá.



Uppskeruhátíð Venediktsson var haldin á skemmtistaðnum Hressó á sunnudagskvöld eftir úrslitaleik Spánar og Hollendinga. Stemningin var góð og á meðal þeirra sem létu sjá sig voru þeir félagarnir Auðun Helgason, Pétur Marteinsson og **Hjörvar Hafliðason**, sérfræðingar Sjónvarpsins meðan á HM-stóð. Aðrar valinkunnar kempur sem mættu voru landsliðsmaðurinn fyrrverandi Ríkharður Daðason og KR-ingarnir Bjarni Guðjónsson og Grétar Sigfinnur Sigurðsson. Sigurvegarinn Heiðar Helguson var aftur á móti fjarri góðu gamni.



Stór og jákvæð umfjöllun um hljómsveitina Hjaltalín birtist í sunnudagsútgáfu breska blaðsins Sunday Times. Þar er spjallað við söngvarann **Högna Egilsson** og sagt frá vel heppnuðum tónleikum sveitarinnar með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Tónlistarsíðan Drowned In Sound birtir einnig jákvæða umsögn um tónleikana og því greinilegt að herbragð Hjaltalín að fá erlenda fjölmiðla til að mæta á tónleikana, með aðstoð átaksins Inspired by Iceland, hefur heppnast einkar vel. - fb

# Koma fram í kraftgöllum í Noregi

„Við vorum að fá staðfestingu frá Norðmönnum um að við erum bókaðir á Insomnia tónlistarhátíðina næsta haust,“ segir Hrafnkell Flóki Einarsson sem ásamt Guðlaugi Halldóri Einarssyni skipar raftónlistardúóið Captain Fufanu sem spilar í fyrsta sinn á erlendri grundu í haust. Nánar tiltekið á Insomnia tónlistarhátíðinni í Tromsö í Noregi. Íslenska sveitin FM Belfast spilaði á hátíðinni árið 2008 og norsku sveitirnar Datarock og Röyksopp hafa einnig komið þar fram á síðustu árum.

„Við vorum að spila mikið í kringum Airwaves í fyrra og þar kom kona frá Noregi og sýndi okkur mikinn áhuga. Svo hafði hún samband í vor og bauð okkur að spila á þessari hátíð,“ segir Hrafnkell en hann er sonur tónlistamannsins og borgarfulltrúans Einars Arnar Benediktssonar og hefur oft komið fram með föður sínum á tónleikum. Meðal annars spilar Hrafnkell á trompet með hljómsveitinni Ghostigital með föður hans í farabroddi. Þetta er því ekki í fyrsta sinn sem hann spilar á erlendri grundu.



**CAPTAIN FUFANO** Kemur fram á tónlistarhátíðinni Insomnia í Noregi næsta haust.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég spila úti á eigin vegum og við félagarnir erum mjög spenntir. Þetta er bara byrjunin,“ segir Hrafnkell sposkur en hljómsveitin Captain Fufanu var stofnuð árið 2008. „Við spilum svona „experimental deep house“ tónlist. Gerum takta í tölvunni og tökum svo í nokkur hljóðfæri inn á milli.“ Tromsö er eins konar höfuðborg Norður-Noregs og þar getur orðið mjög kalt á veturna og sólarljósið er takmarkað yfir vetrartímann en hátíðin er haldin í október. „Við erum búnir að ákveða að koma fram í íslenskum kraftgöllum, helst í neon lit,“ segir Hrafnkell. Sveitin er um þessar mundir að einbeita sér að því að semja nýja tónlist. -áp


HYUNDAI
SOUTH AFRICA 2010
FIFA WORLD CUP
NÝR HYUNDAI SPORTJEPPI:
ix35
ix35
Allir bílarnir eru árgerð 2010
ix35
Það er ekki á hverjum degi sem við kynnum jafn athyglisverðan bíl og ix35 frá Hyundai, sem er í fararbroddi bílaframleiðenda í dag. Þess vegna er það okkur mikil ánægja að bjóða þér að koma og reynsluaka ix35 og kynna þér ríkulegan búnað, vandaðan frágang og fallegt yfirbragð bílsins.
Verð 4.990.000 kr.
Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is
i20
Sparneytinn og vandaður smábíll á frábæru verði.
Verð frá: 2.450.000 kr
i30
i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll.
Verð frá: 2.690.000 kr
B&L og Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is
B&L
IH
INGVAR HELGASON

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Pósthúsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Labbandi listaverk



Nýr bar opnaði nýverið við Hafnarstrætið á Akureyri við hlið Bláu könnunnar og í sama húsi og Græni hatturinn. Á fimmtudagskvöldið var heilmikil stemning á staðnum fram eftir kvöldi. Gestirnir voru úr öllum áttum en á meðal þeirra voru myndlistarmaðurinn norðlenski Óli G. Jóhannsson og **Vala Grand**, sem ræddu saman stutta stund. Vel virtist fara á með þeim og nú hefur Vala greint frá því hvað þeim fór á milli á Facebook-síðu sinni. „Hann sagði að ég væri falleg kona og ég væri labbandi listaverk," segir Vala og er mjög stolt af ummælum listamannsins.

### Vill hann fara í KR?

Fréttablaðið greindi frá því fyrir stuttu að Ingó veðurguð, tónlistarmaður og leikmaður Selfoss í Pepsideildinni, hafi troðið upp í útskriftarveislu Bjarna Guðjónssonar, miðjumanns KR. Í veislunni spilaði Ingó sjálft KR-lagið sem vakti víst mikla lukku viðstaddra en þó líka undrun þar sem Ingó spilar jú fyrir Selfoss. Ingó virðist hafa verið nokkuð ánægður með útkomuna þar sem hann hefur nú spilað KR-lagið ótt og títt undanfarna daga. Síðasta fimmtudag spilaði hann það við mikla kátínu gesta á Oliver og á netinu gengur nú myndband þar sem hann syngur lagið af mikilli innlifun. Þeir sem þekkja Ingó kippa sér þó ekki upp við þetta og segja Ingó og Selfyssinga bara hafa gaman af.



- þeb, - mþl

### Mest lesið vísir.is

1. Mikil aukning skilnaða hjá eldri hjónum í Danmörku
2. Ung kona lést
3. Mikil gleði og glaumur á Spáni
4. Lögreglan kaupir húfur fyrir 4,5 milljónir
5. Hátt í 160 milljónum úthlutað til bágstaddra námsmanna
6. Íslendingur í Madrid: Það eru allir á bleiku skýi

Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.


# SUMAR ÚTSALA

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

Gerið gæða- og verðsamanburð

**20-50%**
AFSLÁTTUR

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

SVEFNSÓFAR



Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla. Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni. Svefnflötur 140x200. Nú aðeins kr. 264.900



NÝTT
BOAS
Leður hægindastóll 79.900
Nokkrir litir
Lyftu hægindastóll 129.900

Ný sending
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

VALHÖLL/FREYJA Ný sending
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm nú aðeins kr. 99.900



NÝTT
BOAS
Leður hægindasófi 3 sæta verð frá 149.900
Svefnsófi verð frá 149.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX
2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins 349.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI
Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.
Gerið gæða- og verðsamanburð




Svefn & heilsa ★★★★★
www.svefn.is




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00